

Fjöldi fólks eyðir meiri tíma á heimili sínu en vani er vegna samkomubanns og nálægðartakmarkana sem settar hafa verið á vegna COVID-19 faraldursins. Heyrst hefur af mörgum sem nýta tímann í að dytta að heimilinu og mátti sjá merki þess á Sorpu í gær þar sem bílaröð teygði sig langt út á götu. Myndin, sem tekin er á flygildi, sýnir vel fulla gámana. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hóstuðu á fólk í Krónunni

Viðskiptavinum Krónunnar var brugðið er drengir hóstuðu á þá. Einn piltanna stakk fingri í munn sér og strauk síðan yfir vörur. Ógeðfelld sjón, segir kona sem var í búðinni. Krónan vísar málinu til lögreglu.

COVID-19 „Þetta er dauðans alvara en ekkert grín en það virðist vera að það séu margir að leika sér að hósta á annað fólk,“ segir Gréta María Grétarsdóttir, framkvæmdastjóri Krónunnar, um atvik sem varð í Krónunni á Granda um kvöldmatarleytið á sunnudag.

Kona sem var að versla í Krónunni er drengirnir fóru þar hamförum segir þá hafa verið á að giska tólf eða þrettán ára. „Sá stærsti í hópnum gekk aftan að fólki, stoppaði eins nálægt því og hann komst og púaði svo eða hóstaði á það. Á meðan tók annar allt saman upp á síma,“ lýsir hún.

Þessi viðskiptavinur segir að kona ein hafi í rölegheitum reynt að stöðva piltana og bent þeim á að þetta væri ekki sniðugt. „En þeir

Þeir sem eru með dónaskap og sýna hvorki okkar fólk né viðskiptavinum virðingu eru vinsamlegast beðnir um að koma ekki aftur.

María Grétarsdóttir, framkvæmdastjóri Krónunnar



slógu ekkert af hortugheitunum í svörum. Sá stóri nuddaði sér um augun, boraði í nefið og stakk fingrum upp í sig, gekk síðan að næstu hillu og strauk puttunum eftir vör-

unum þar. Þetta var frekar ógeðfelld sjón,“ segir hún.

Sjálf kveðst konan fyrst hafa orðið vör við drengjahópinn þegar hún hafi gengið fram hjá manni sem hafi í forundran spurt unglingsstrák með hettu upp fyrir haus hvort það væri ekki allt í lagi.

„Ég hélt fyrst að þarna væri maðurinn að tala við son sinn, sem eitthvað væri greinilega að,“ lýsir konan.

Hún hafi ekki kveikti ekki á perunni fyrir en pilturinn hreinlega púaði ofan í hálsmálið á henni. „Þegar ég sneri mér við stóð hann alveg upp við mig og starði ögrandi á mig. Þar sem ég sýndi engin viðbrögð elti hann mig eftir ganginum í tilraun til að ganga fram af mér.“

Gréta framkvæmdastjóri segir að

þegar vart verið við slíka hegðun sé hún tilkynnt til öryggisdeildar fyrirtækisins. Í þessu tilfelli hafi upptökur verið skoðaðar og þær sýni hvað gerst hafi. „Núna er öllum svona ábendingum vísað til lögreglu og almannavarna,“ segir hún. Drengirnir séu ekki velkomnir í Krónuna eftir þessa upptöku.

„Þeir sem eru með dónaskap og sýna hvorki okkar fólk né viðskiptavinum virðingu eru vinsamlegast beðnir um að koma ekki aftur og beina viðskiptum sínum annað,“ undirstrikar framkvæmdastjórinn. Málið sé því miður ekki einsdæmi. „Það eru fleiri tilfelli þar sem viðskiptavinir eru að taka þessum tilmælum almannavarna um tveggja metra regluna af léttúð.“

– gar

Umfangsmiklar aðgerðir vegna faraldursins

STJÓRNMÁL Alþingi samþykkti í gærkvöldi viðamiklar aðgerðir ríkisins vegna COVID-19 og fyrirséðra þjóðfélagslegra áhrifa faraldursins. Um var að ræða fimm frumvörp; þar á meðal um efnahagsaðgerðir, borgaralega skyldu starfsmanna opinberra aðila og þingsályktun um tímabundið fjárfestingaráttak hins opinbera.


Í nýjum fjárukalögum við fjárlög yfirstandandi árs, sem samþykkt voru í gær er kveðið á um gjaldheimild úr ríkissjóði fyrir 18 milljörðum vegna sérstaks fjárfestingaráttaks en heimildin hækkaði um tæpa þrjá milljarða í meðförum þingsins. Þá er gert ráð fyrir rúmum þremur milljörðum í barnabóta- auka og þriggja milljarða markaðsátaki fyrir ferðaþjónustuna. Heimild ríkissjóðs til að taka lán í erlendum gjaldmiðli var hækkuð um 95 milljarða. - að / sjá síðu 4

Njóttu hækkandi sólar á rúntinum.
Uppáhaldsbíllinn þinn bíður!

HEKLA · Skoðaðu úrvalið á www.hekla.is/vefverslun



Veður



Suðvestan strekkingur og rigning í dag, en úrkomulítið austanlands. Minnkandi úrkoma og kólnar í kvöld. **SJÁ SÍÐU 16**



Eldhúsháfur var aftengdur eftir kvörtun en lofttúða stendur eftir.

Grannar deila um stækan fnyk

SKIPULAGSMÁL Byggingarfulltrúanum í Reykjavík hefur verið gert að taka til meðferðar mál vegna uppsetningar á lofttúðu í húsi einu í Álakvísl.

Íbúi í Álakvísl hafði borað gat á vegg sem snýr að sameiginlegum utanliggjandi palli og sett þar upp lofttúðu fyrir útblástur frá eldhúsháfi. Þaðan kom að sögn íbúans í næsta húsi „óbærilegur fnykur sem leitaði út í horn, beint fyrir framan íbúð hans“, eins og haft er eftir honum í umfjöllun úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

» Úrskurðarnefndin segir ákvörðun byggingarfulltrúans ekki studda haldbærum rökum, því verði að fella hana úr gildi.

Nágranninn kærði þá ákvörðun byggingarfulltrúa að þar sem eldhúsháfur frá umræddri lofttúðu hefði verið aftengdur og þannig bærst ekki matarlykt út um hana væri hún aðeins óveruleg breyting á útliti. Túðan teldist því minniháttar framkvæmd og væri ekki byggingarleyfisskyld. Úrskurðarnefndin segir ákvörðun byggingarfulltrúans ekki studda haldbærum rökum og því verði að fella hana úr gildi. -gar

Grjótglíma við Gálgaklett



Margir stunda útivist þessa dagana. Nokkrir vaskir klettklifrarar spreyttu sig á svokallaðri grjótglímu við Gálgaklett á utanverðu Reykjanesinu um helgina. Þeir létu veðrið ekki trufla sig þó svo að hitastigið væri rétt um þrjár gráður og kletturinn hrjúfur og kaldur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Leggur til sölu áfengis á netinu

VIÐSKIPTI Frumvarp dómsmálaráðherra um að heimila áfengi í netverslunum hér á landi verður lagt fram á fundi ríkisstjórnarinnar í dag. Nái frumvarpið fram að ganga verður einkaleyfi ÁTVR á sölu áfengis hér landi afnumið ef undanskildar eru erlendar netverslanir sem selja áfengi hingað til lands án aðkomu ÁTVR.



Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, dómsmálaráðherra

Frumvarpið hefur nú þegar fengið á sig nokkra gagnrýni og er sumt af því á misskilningi byggt. Í frumvarpinu er ekki kveðið á um breytingar á lögum um áfengisauglýsingar. Þá verður áfram gerð sú krafa að kaupendur séu 20 ára eða eldri. -bdj

Telur vafa á hvort skil reikninga standist lög

Löggiltur endurskoðandi, sem situr í endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar, hefur ritað bréf til borgarráðs þar sem hann varar við því að reikningsskil Félagsbústaða myndu ekki standast skoðun óháðs aðila ef á það reyndi.

REYKJAVÍK Einar S. Hálfánarson, lögmaður og löggiltur endurskoðandi, sendi borgarráði Reykjavíkur bréf á dögunum þar sem hann segist efast um að reikningsskilaaðferð Félagsbústaða hf. standist skoðun. Einar er þrautreyndur í sínu fagi og situr í endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar.

Félagsbústaðir eru gerðir upp samkvæmt alþjóðlegum reikningsstöðlum, IFRS. Í bréfi sínu bendir Einar á að Félagsbústaðir séu ekki reknir í hagnaðarskyni og slík félög í öðrum EES-löndum noti ekki IFRS-staðla. Vísar Einar í minnisblað KPMG frá árinu 2012 þar sem endurskoðunarfyrtækið komst að þeirri niðurstöðu að IFRS ætti ekki við hjá Félagsbústöðum.

Í núverandi fyrirkomulagi eru fasteignir Félagsbústaða gerðar upp á gangvirði sem þýðir að árlega hækkar virði eigna félagsins í takt við þróun á markaði. Eðlilegra telur Einar að eignirnar yrðu metnar á afskrifuðu kostnaðarverði.

Segir Einar vafa á hvort notkun Félagsbústaða á IFRS sé heimil samkvæmt íslenskum lögum en ekki síður hvort við hæfi sé að gera eignirnar upp á gangvirði.

Bendir Einar einnig á að kjörnir fulltrúar kynnu að vera persónulega ábyrgir ef svo ólíklega vildi til að kröfuhafar Félagsbústaða létu á það reyna hvort ársreikningar Félagsbústaða hf. hefðu gefið glögga mynd af rekstri og efnahag félagsins. Þá kynni sú persónulega ábyrgð einnig að ná til endurskoðunarnefndar Félagsbústaða og borgarinnar.

Bréf Einars var rætt á fundi borgarráðs í síðustu viku. Meirihluti Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lét bóka að þær



Félagsbústaðir eru eina óhagnaðardrifna leigufélagið innan EES sem gerir upp samkvæmt alþjóðlegum reikningsstöðlum, IFRS. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þessum ágreiningi verður að koma úr ráðhúsinu.

Vigdís Hauksdóttir, borgarfulltrúi Miðflokksins



skoðanir sem komu fram í bréfi Einars hefðu verið til umfjöllunar í endurskoðunarnefnd borgarinnar og að fjármálasvið Reykjavíkurborgar hefði leitað sér álit óháðs aðila sem hefði staðfest framkvæmd borgarinnar.

Vigdís Hauksdóttir, borgarfulltrúi Miðflokksins, hefur itrekað

bent á óeðlilegt misræmi á uppgjörsreglum A-hluta Reykjavíkurborgar og Félagsbústaða. Uppgjör Félagsbústaða samkvæmt IFRS búi til froðu í uppgjöri Reykjavíkurborgar. Tilgangurinn sé að búa til rými til frekari lántöku borgarinnar.

„Þessum ágreiningi verður að koma úr ráðhúsinu. Ekki verður hjá því komist lengur að fá úrskurð reikningsskila- og upplýsinga-nefndar sveitarfélaga og Ríkisendurskoðunar á þessum uppgjörs-kústum, sem skipta svo miklu máli í rekstri borgarinnar á þann hátt að ef þeim verður breytt þá er borgin komin í veruleg fjárhagsleg vand-ræði. Borgarfulltrúi mun senda erindi þess efnis til þessara aðila,“ segir í bókun Vigdísar. bjornth@frettabladid.is

NÝBAKAÐ
BRAUÐ
ALLA DAGA

- Austurströnd 14
- Hringbraut 35



mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00
www.bjornsbakari.is

Þjónustuverið er opið lengur

– frá kl. 8 til 18 alla virka daga

Við höfum lengt opnunartíma þjónustuversins í síma 444 7000. Þar færð þú upplýsingar og aðstoð við bankaþjónustuna.

Næstu vikurnar verður lokað fyrir heimsóknir í útibúin nema ef þær eru bókaðar fyrir fram og aðeins fyrir brýn erindi sem ekki er hægt að leysa með öðrum hætti. Hægt er að panta símtal eða biðja um afgreiðslu í útibúi á arionbanki.is.

Nýttu þér þjónustuleiðir okkar



Arion appið



Þjónustuver í síma 444 7000



Netspjall á arionbanki.is



Netbankinn



Hraðbankar víða um land



arionbanki@arionbanki.is

Þarftu hjálp við fjarþjónustuna?

Á arionbanki.is/appkennsla finnur þú einföld kennslumyndbönd sem fara yfir helstu aðgerðir í Arion appinu. Gott fyrir þau sem eru að stíga sín fyrstu skref. Við hvetjum líka þau sem hafa stafrænu tæknina á valdi sínu að bjóða vinum og ættingjum aðstoð.

Tökumst á við þetta saman

arionbanki.is



Yfir hundrað manns sagt upp og margir í hlutastarf hjá Isavia

COVID-19 Hundrað og einum starfsmanni var sagt upp hjá Isavia í gær og 37 starfsmönnum var boðið áframhaldandi starf með minnkun á starfshlutfalli. Ástæða uppsagnanna er sögð fækkun verkefna vegna COVID-19 faraldursins. En fjölmörg lönd hafa lokað landamærum sínum vegna faraldursins og einungis örfá flug eru á degi hverjum til og frá Keflavíkflugvelli.

„Við komumst því miður ekki hjá

því að gripa til uppsagna, en þær ná eingöngu til starfa á sviðum þar sem verkefnum fækkar í óákveðinn tíma.“ segir í tilkynningu frá fyrirtækinu.

Kjartan Már Kjartansson og Magnús Stefánsson, bæjarstjórnar Reykjanesbæjar og Suðurnesjabæjar, segja tíðindin af uppsögnum Isavia vera mikið áfall. Báðir segjast þeir vera í samskiptum við stjórnvöld til að freista þess að fá frekari stuðning vegna tíðindanna.

Þetta er að verða mjög svört staða hérna hjá okkur.

Kjartan Magnús Kjartansson, bæjarstjóri Suðurnesjabæjar



„Þetta er mikið sjokk fyrir samfélagið hér. Við máttum nú ekki við því. Þetta er að verða mjög svört staða hérna hjá okkur.“ segir Kjartan.

Aðspurður út í stuðning stjórnvalda segir Kjartan bæjaryfirvöld reyna að þrýsta á um frekari stuðning. „Við erum að reyna það svo sem. Við erum að þrýsta bæði á þingmenn og ráðherra að líta til okkar. Af því að staðan er hvergi, að því ég best veit, verri heldur en

hér. Og fer versnandi.“ segir Kjartan.

Magnús Stefánsson, bæjarstjóri Suðurnesjabæjar, tekur í svipaðan streng. „Þetta eru auðvitað ekki góð tíðindi. Þetta er viðbót við annað sem hefur verið í gangi.“ segir Magnús og vísar þar til falls WOW air í fyrra. „Við höfum verið mikið í samskiptum við stjórnvöld almennt um stöðuna hér á Suðurnesjum. En ef það hefur einhvern tímann verið þörf, að þá er núna nauðsyn.“ segir Magnús. - bdi / oæg

Risapakkar afgreiddir á þingi

Alþingi samþykkti í gærkvöldi viðamiklar aðgerðir ríkisins vegna COVID-19 og fyrirséðra þjóðfélagslegra áhrifa faraldursins. Frumvörp ríkisstjórnarinnar tóku nokkrum breytingum í meðförum þingsins.

STJÓRN MÁL Sex mál tengd aðgerðum stjórnvalda vegna COVID-19 faraldursins voru afgreidd á Alþingi í gærkvöldi. Um var að ræða fimm frumvörp; þar á meðal um efnahagsaðgerðir, borgaralega skyldu starfsmanna opinberra aðila og þingsályktun um tímabundið fjárfestingaáttak hins opinbera.

Í nýjum fjárukalögum við fjárlög yfirstandandi árs, sem samþykkt voru í gær, er kveðið á um gjaldheimild úr ríkissjóði fyrir 18 milljörðum vegna sérstaks fjárfestingaáttaks en heimildin hækkaði um tæpa þrjú milljarða í meðförum þingsins. Þá er gert ráð fyrir rúnum þremur milljörðum í barnabóta- og þriggja milljarða markaðsáttaki fyrir ferðaþjónustuna.

Heimild ríkissjóðs til að taka lán í erlendum gjaldmiðli var einnig hækkuð um 95 milljarða.

Meðal þess sem bættist við fjárukalög í meðförum þingsins eru 350 milljónir til sérhæfðar sjúkrahúspjónustu sem skiptist milli Landspítalans og Sjúkrahússins á Akureyri, 250 milljónir til Heilsgæslunnar og 400 milljónir fara í fjármögnun veiruskimunarprófa og hlífðarbúnaðar.

Samþykkt var einnig að veita 400 milljónir í 20 þúsund króna eingreiðslu til örorku og endurhæfingarlífeyrisþega, 140 milljónir fara í geðheilbrigðismál og málefni heimilislausra og 40 milljónir í aðgerðir og vinnu gegn kvíða og einmanaleika.

Meðal verkefna sem bættust við fjárfestingaáttak ríkisstjórnarinnar í meðförum þingsins eru endurbygging á gangi við bráðavaktina í Fossvogi sem hefur verið útbúinn fyrir COVID-19 sjúklinga, 100 milljónir til að endurbyggja hús vínúðarinnar á Seyðisfirði, tæpar 400 milljónir til endurbygginga og viðhaldsverkefna heilbrigðisstofnana á lands-



Umræður og atkvæðagreiðslur í þingsal eru með óhefðbundnu sniði vegna samkomubanns. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

➤ **400 milljónum verður veitt í 20 þúsund króna eingreiðslu til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega.**

byggðinni, 126 milljónir til viðhalds á Þórshafnarflugvelli og 170 milljónir til viðhalds annarra flugvalla á landsbyggðinni. Umhverfisráðherra fær 50 milljónir til að veita í eflingu nýsköpunar í loftslagsmálum, 100 milljónum verður bætt í sjóð til úthlutunar á vettvangi verkefnisins Brothættar byggðir og sérstakt framlag til rannsóknasjóðs, innviðasjóðs og tækniþróunarsjóðs verður hækkað um 600 milljónir og verður 1,4 milljarðar. Framlag til menningar og lista var hækkað úr 750 milljónum í milljarð. Þá fara 100 milljónir til nýsköpunarsjóðs

námsmanna, 200 milljónir til grænmetisframleiðslu og 100 milljónir til húsafríðunarsjóðs.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar um sérstakar aðgerðir í efnahagsmálum varð einnig að lögum í gær með heimild til ríkisábyrgða á brúarlánnum til fyrirtækja, frestun og afnámi ýmissa opinberra gjalda, þar á meðal tímabundið afnám gistináttaskatts, frestun á greiðslu tryggingagjalds, breytingar á gjalddögum aðflutningsgjalds, endurgreiðsla á virðisaukaskatti vegna framkvæmda, heimild til úttekta séreignarsparnaðar og fleira.

Eftir að frumvarpið kom til meðferðar hjá Alþingi bættist við það sérstakt ákvæði um eftirlitsnefnd sem ráðherra mun skipa og er ætlað að hafa eftirlit með framkvæmd ákvæðis um brúarlán til fyrirtækja. Allsherjar- og menntamálanefnd

fékk frumvarp dómsmálaráðherra um borgaralega skyldu starfsmanna opinberra aðila til meðferðar en frumvarpið felur í sér breytingu á lögum um almannavarnir sem kveður á um heimild til opinberra aðila að færa starfsmenn milli starfa, stofnana og jafnvel stjórnsýslustiga í þeim tilvikum þegar ríkislögreglustjóri hefur lýst yfir neyðarstigi. Frumvarpinu var breytt í meðförum allsherjarnefndar þannig að í stað varanlegrar breytingar á almannavarnalögum verður um svokallað sólarlagsákvæði að ræða sem fellur úr gildi 1. janúar 2021. Nefndin vék í nefndaráli að ummælum dómsmálaráðherra um heildarendurskodun almannavarnalaga og hvetur til þess að löginn verði tekin fyrir um leið og neyðarstandi verður aflétt. adalheidur@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ IS

1 „Þetta er að verða mjög svört staða hérna hjá okkur“ Bæjarstjórn Reykjanesbæjar og Suðurnesjabæjar segja báðir í samtali við Fréttablaðið að tíðindin af uppsögnum Isavia í dag mikið áfall.

2 Uppsagnir hjá Isavia: 101 sagt upp og 37 boðið minna starfshlutfall Isavia neyddist til að segja upp 101 starfsmanni í dag í ljósi fækkun verkefna og þá var 37 starfsmönnum boðið áframhaldandi starf með minna starfshlutfalli.

3 Óléttar konur ekki í aukinni hættu vegna COVID-19 Alma D. Möller, landlæknir, segir ekkert benda til þess að COVID-19 leggist harðar á óléttar konur en aðra en barnshafandi konum hefur verið ráðlagt af yfirlyfsmóður að fara í sjálfskipað sóttkví.

4 Stóra áskorunin verður hvernær eigi að aflétta aðgerðum Að sögn sóttvarnalæknis mega landsmenn búast við að aðgerðir til að hefta útbreiðslu veirunnar muni dragast eitthvað en nauðsynlegt er að aflétta þeim aðgerðum mjög hægt.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fánleg á www.frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Meira á frettabladid.is

SKILTAGERÐ

Ljósakassar
Ljósaskilti
3D stafir



Hönnun
Ráðgjöf
Uppsetning



Sundaborg 3
104 Reykjavík
777 2700
xprent@xprent.is

Stækka höfnina til að hindra kólnun

COVID-19 Bæjarstjórn Ölfuss segir sveitarfélagið Ölfus vel í stakk búíð til að milda neikvæð efnahagsleg áhrif af COVID-19 faraldrinum. Hyggst bæjarstjórnin leita allra leiða til að flýta þeim framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru. Bæjarstjórnin eigi að útbúa áætlun þar sem framkvæmdum sé flýtt.

„Kallað verði eftir því að ríkið komi með auknum krafti að hafnarframkvæmdum í Þorlákshöfn sem geri mögulegt að þjónusta allt að 180 metra löng og 34 metra breið skip. Sýnt hefur verið fram á að slík framkvæmd er ein af þeim allra þjóðhagslega hagkvæmstu framkvæmdum sem hægt er að gripa til,“ segir í bókun bæjarstjórnarinnar. Þetta eigi ekki sist við um ferðaþjónustu því aðilar hafi þegar sýnt því áhuga að taka upp reglulegar siglingar með vörur og farþega til Bretlands og meginlands Evrópu.



Elliði Vignisson bæjarstjóri kallar eftir að ríkið komi að framkvæmdum.

Þá eigi að leita eftir því að ríkið auðveldi framgang mála í gegnum eftirlitsstofnanir sínar svo sem Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun og fleiri.

„Eðlilegt og sanngjarnt er í ástandi sem nú að þessum stofnun-

um verði gefin tiltölulega þröngur rammur til ljúka sinni aðkomu að málum. Til grundvallar þessu eru milljarða framkvæmdir í umhverfissvænni matvælaframleiðslu sem í alla staði er jákvætt að flýta þegar svo árar sem nú.“ - gar

VERUM HEIMA OG VERSLUM Á ELKO.IS



LENGRI SKILARÉTTUR

Til að draga úr heimsóknum í verslanir höfum við framlengt skilarétt og ábyrgðir til 30. júní.



SJÁUMST Á NETINU

Vegna samkomubanns má búast við því að aðgangur að verslunum sé verulega takmarkaður. Við höfum því framlengt opnunartímann en hvetjum þig þó til að versla frekar á elko.is og fá vöruna senda heim.

Þú finnur allar okkar vörur á elko.is og færð sömu góðu þjónustuna í netspjallinu.



VERTU Í BANDI
544 4000

SENDU OKKUR LÍNU
ELKO@ELKO.IS



SPJALLAÐU VIÐ OKKUR

ELKO 



Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, gagnrýnir vinnuveitendur.

Segir suma vera að notfæra sér faraldurinn

SAMFÉLAG „Sumir atvinnurekendur ætla greinilega að notfæra sér þann harmleik sem þessi faraldur er til að ríkisvæða kostnaðinn en halda tekjunum,“ segir Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar.

Stéttarfélagið hefur fengið ábendingar um að starfsfólk, sem fyrirtæki hefur sett á hlutabætur vegna COVID-19 faraldursins, sé enn látið vinna fullt starf. Fyrirtæki hafi þannig fært launakostnað yfir á ríkið á sama tíma og það þiggi vinnu starfsfólksins.

Efling segir í tilkynningu að um sé að ræða grófa misnotkun á almannafé sem gangi þvert á markmið yfirvalda. Fyrirtæki sem dragi seglin saman á næstu vikum geti þannig haldið ráðningarsambandi við starfsfólk sem ekki hefur verkefni, með því að fá greiddar bætur úr atvinnuleysistryggingasjóði.

„Þetta er geysilega ósvifið gagnvart atvinnuleysistryggingasjóði, og kaldranaleg eigingirni á hættutímum,“ segir Sólveig Anna. – **ab**



Valkvæðum aðgerðum verður frestað fram í júní. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Engin vafamál komið upp

HEILBRIGÐISMÁL Sérfræðilæknum og tannlæknum er í sjálfsvald sett hvort þeir telji skurðaðgerð eða greiningarrannsókn vera brýna eða ekki. Er það þeirra að meta í hverju tilfalli fyrir sig hvort aðgerð geti beðið í átta vikur eða ekki.

Fyrir rúmri viku beindi landlæknir þeim fyrirmælum til skurð- og tannlækna að þeir fresti öllum valkvæðum aðgerðum til loka maí vegna COVID-19 faraldursins, er það gert til að minnka líkur á smit-hættu sem myndi krefjast sjúkrahússinnlagnar. Áður en fyrirmælin voru gefin hafði sjúklingur á Klíníkinni reynst smitaður af COVID-19.

» Sérfræðilæknum og tannlæknum er í sjálfsvald sett hvort þeir telji skurðaðgerð eða rannsókn brýna eða ekki.

„Þess skal þó gætt að brýnar skurðaðgerðir eða greiningarrannsóknir sem ekki þola bið umfram átta vikur verði framkvæmdar. Enn fremur að brýnni tannlæknaþjónustu verði sinnt,“ segir í fyrirmæli landlæknis. „Ljóst er að upp kunna að koma vafatilfalli en landlæknir treystir á yfirvegað mat hlutaðeigandi sérfræðilækna eða tannlækna í hverju tilfalli fyrir sig.“

Samkvæmt upplýsingum frá embættinu hafa engin vafamál ratað þangað inn á borð enn sem komið er. – **ab**

Galíleó, Galíleó...



Skælbrosandi maður í ham rokkgoðsagnarinnar Freddie Mercury úr hljómsveitinni Queen tók sig til og skemmti nágrönnum sínum í einangrun í spænsku borginni Ourense. Alls hafa rúmlega 85 þúsund manns smitast af COVID-19 á Spáni og 7.340 látist af völdum sjúkdómsins til þessa. Yfir sextán þúsund smitaðra er batnað. Yfirvöld segja að loks séu merki um að útbreiðsla faraldursins sé að hægja á sér á Spáni. MYND/EPA

COVID-19 hefur mikil áhrif á velferðarkerfi borgarinnar

Engin röskun hefur orðið á heimahjúkrun í Reykjavík vegna COVID-19 faraldursins en neyðarstigi þjónustunnar var lýst yfir í febrúar. Hópur notenda hefur afþakkað þjónustuna. Faraldurinn hefur haft mikil áhrif á velferðarþjónustu og Rauði krossinn beinir sjónum sínum að berskjölduðustu hópnum.

COVID-19 „Engin röskun er á þjónustu heimahjúkrunar en einhverjir notendur félagslegu heimaþjónustunnar hafa afþakkað þríf tíma-bundið en hátt á fjórða þúsund einstaklingar og fjölskyldur fá þjónustu heim. Velferðarsvið sendi ítarlegt upplýsingabréf til allra einstaklinga sem nota þjónustuna með leiðbeiningum og upplýsingum um helstu tengiliði þegar neyðarstigi var lýst yfir,“ þetta kemur fram í svari frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar við fyrirspurn Fréttablaðsins um ráðstafanir vegna COVID-19 faraldursins.

Heimahjúkrun í borginni starfar undir Velferðarsviði borgarinnar og var viðbragðsáætlun sviðsins virkjuð í byrjun síðasta mánaðar. Öll heimaþjónustan starfar nú á neyðarstigi og neyðarstjórn sviðsins heldur daglega fundi. Unnið er eftir tilmælum almannavarna og landlæknis og þá hefur sérstakt COVID-19 teymi heimaþjónustunnar verið myndað.

„Heimaþjónustan skipti strax starfsfólki sínu niður í hóp sem koma og fara á mismunandi tímum inn í hús þannig að það hittist ekki. Teymisstjórar fengu fartölvur með fjarðgangi og geta því unnið að heiman,“ kemur fram í svari Velferðarsviðs. Þar kemur einnig fram að allur búnaður starfsfólks hafi verið tryggður í samstarfi við Embætti landlæknis og að sérstakt verklag hafi verið unnið varðandi umönnun skjólstaðinga í sóttkví og einangrun. „Flestir notendur þjónustunnar eru einstaklingar með undirliggjandi sjúkdóma eða aldraðir. Því miðar öll vinna inni á heimilum að því að lágmarka möguleika á útbreiðslu COVID-19.“



Fjöldi samtala í hjálparsíma Rauða krossins hefur margfaldast á síðastliðnum vikum, þau eru nú 500-700 talsins á sólarhring. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

1.086 einstaklingar voru smitadír af COVID-19 hér á landi í gær og 9.236 voru í sóttkví. 927 voru í einangrun og 30 lágu á sjúkrahúsi vegna smits, þar af tíu á gjörgæslu og sjö í öndunarvél. 936 voru í eftirliti á göngudeild COVID-19 og þar af voru 72 börn í eftirliti Barnaspítala Hringinsins.

Áhrifa faraldursins gætir víða og hafa yfirvöld gripið til ýmissa ráðstafana vegna sjúkdómsins.

Samkomubann sem miðar við 20 manns hefur verið sett á hér á landi ásamt nálægðartakmörkunum. Á upplýsingafundi almannavarna í gær sagði Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir að landsmenn mættu búast við því að aðgerðir til að hefta útbreiðslu veirunnar yrðu í gildi lengur en upprunalega var talið. Þó liggi ekki fyrir í hvaða mynd slíkar aðgerðir verða.

„Við þurfum að halda áfram

Við erum með vel þjálfað fólk sem tekur við símtölum. Það kann að hlusta og veitir góð ráð og stuðning og vísar þér áfram.

Kristín Hjálmtýsdóttir

Þessum aðgerðum sem við erum með núna en stóra áskorunin verður í raun og veru sú hvenær eigi að aflétta þessum aðgerðum. Það er ekki búið að taka ákvörðun um það,“ sagði Þórólfur.


Á fundi almannavarna um helgina kom fram að á örskömmum tíma væri búið að umbylta velferðarkerfinu. Kristín Hjálmtýsdóttir, framkvæmdastjóri Rauða krossins, var gestur fundarins í gær og sagði hún Rauða krossinn beina sjónum sínum sérstaklega að berskjölduðustu hópnum samfélagsins. „Það eru til dæmis heimilisláusir. Nú eigum við öll að vera heima en það er ekkert heima fyrir heimilisláusa,“ sagði hún.

Þá sagði Kristín mikla aukningu vera á símtölum í hjálparsíma Rauða krossins, 1717. Á venjulegum degi taki hjálparsíminn við 35-40 símtölum á sólarhring en síðastliðnar vikur hafa símtölin verið um 500-700 á sólarhring.

„Félagsleg einangrun eykst og það er mikill kvíði. Við finnum mjög mikið fyrir því á 1717,“ sagði Kristín. „Við erum með vel þjálfað fólk sem tekur við símtölunum. Það kann að hlusta og veitir góð ráð og stuðning og vísar þér áfram. Ekkert vandamál er of lítið fyrir okkur.“ **birnadrofn@frettabladid.is**



Mánaðamót í appinu



Ráðgjafaverið er opið alla virka daga milli kl. 9:00 til 16:00



Netspjallið er opið alla virka daga milli kl. 9:00 til 18:00



Á islandsbanki.is getur þú **bókað tíma í símaráðgjöf** þegar þér hentar.



Prestssetursgarðurinn í Nuenen að vori, var málað af Van Gogh 1884.

Verki eftir Van Gogh stolið

HOLLAND Málverki eftir Vincent Van Gogh var stolið af Singer Laren safninu í Hollandi snemma í gærmorgun. Umrætt verk er Prestssetursgarðurinn í Nuenen að vori frá árinu 1884.

Safnið, sem hefur verið lokað vegna COVID-19 faraldursins, hafði fengið málverkið lánað frá Groninger-safninu. Virði málverksins í peningum er ekki vitað.

„Ég er hneykslaður og virkilega pirraður yfir því að þetta hafi gerst.“ sagði Jan Rudolph de Lorm, safnstjóri Singer Laren. „Þetta er mjög slæmt fyrir bæði söfnin, en sérstaklega hræðilegt fyrir okkur öll því list er til fyrir alla að sjá og njóta.“

Hollenska lögreglan rannsakar nú málið. -atv



Yfir 11 þúsund hafa látist á Ítalíu

Átta hundruð létust í gær

ITALÍA Átta hundruð manns létust af völdum COVID-19 faraldursins á Ítalíu í gær. Alls hafa nú rúmlega 11.500 manns látið lífið af völdum faraldursins þar í landi. Ítalía hefur orðið hvað verst úti, alls eru tilfelli meira en hundrað þúsund.

Rúm 14 þúsund manns hafa náð sér, í gær voru um 1.500 útskrifaðir úr sóttkví, flestir á einum degi til þessa. Enn eru um 75 þúsund manns í landinu smitaðir.

Nýjum smitum hefur fækkað nokkuð síðustu daga. Í Lombardíu, héraðinu sem hefur orðið hvað verst úti, hefur smituum fækkað milli daga. Segja yfirvöld það vera fyrst og fremst hörðum aðgerðum að þakka. - ab

FRÉTTABLAÐIÐ

Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu fréttablað dagsins í tölvupósti kl. 3.00 á morgnana. Skráðu þig á póstlista blaðsins á www.frettabladid.is#nyskraning Það kostar ekkert.



Spítalaskip úr bandaríska flotanum siglir til hafnar í New York með yfir þúsund sjúkrunum um borð. Skipinu er ætlað að létta á álaginu á heilbrigðiskerfi borgarinnar sem er undirlagt vegna COVID-19 faraldursins sem þar geisar. 2.572 hafa látið lífið vegna kórónaveirunnar í Bandaríkjunum. MYND/EPA

Búast við því að allt að tvö hundruð þúsund manns látist

Meira en 140 þúsund tilfelli COVID-19 eru staðfest í Bandaríkjunum. Forseti Bandaríkjanna segir að það verði vel að verki staðið takist að halda dauðsföllum undir hundrað þúsundum. Búist er við að allt að tvö hundruð þúsund manns látist. Samkomubann sem miðar við tíu manns hefur verið sett á í landinu.

BANDARÍKIN Donald Trump Bandaríkjaforseti segir að gildistími ráðstafana til að hægja á útbreiðslu COVID-19 faraldursins verði framleiddur út apríl. Þá sagði hann einnig að ef 100 þúsund eða færri dauðsföll yrðu vegna veirunnar í Bandaríkjunum yrði það „mjög vel að verki staðið“.

Fjöldi tilfella sem greinst hafa í Bandaríkjunum er nú kominn í 143 þúsund, hærrí en í nokkru öðru landi. Þá hafa um 2.572 manns látist af völdum veirunnar þar í landi en sérfræðingar Hvíta hússins hafa sagt að sú tala fari líklega upp í allt að 200 þúsund.

Trump hafði áður sagt að hann vildi slaka á varúðarráðstöfunum í kringum páskana en í ljósi þess hvernig faraldurinn hefur þróast kom það ekki til greina.

Bandarískir ríkisborgarar verða áfram beðnir um að sleppa því að ferðast og vinna að óþörfu og samkomubann er miðað við 10 manns eða færri.

Strangari takmarkanir eiga þó við í þeim ríkjum sem verst hafa orðið fyrir barðinu á veirunni

Á meðan forsetinn stingur hausnum í sandinn heldur fólk áfram að deyja.

Nancy Pelosi, forseti fulltrúardeildar Bandaríkjaþings



Ástandið í New York-ríki hefur verið sérstaklega slæmt, en þar hafa meira en 1.200 manns látist og yfir 66 þúsund tilfelli verið staðfest, næstum því helmingur tilfella á landsvísu. Hægt hefur á sjúkrahússinnlögnum í ríkinu, en Andrew Cuomo ríkisstjóri hefur varað við því að þær muni brátt ná hámarki. Vonir séu bundnar við að hægi á faraldurinum þar sem sex dagar eru nú á milli þess að tilfellunum fjölgar um helming en ekki tveir dagar líkt og fyrir tveimur vikum.

143

þúsund manns hafa greinst með COVID-19 í Bandaríkjunum.

Trump viðræði hugmynd um að setja New York-ríki í sóttkví en dró það síðar til baka. Andrew Cuomo, ríkisstjóri New York, tók mjög illa í hugmynd Trumps og sagði hana ólöglega og stríða gegn bandarískum gildum.

Þrætur þeirra Cuomos og Trumps hafa einnig náð til öndunarbúnaðs sem mikill skortur er á. Í síðustu viku lét Cuomo Trump heyra það fyrir léleg viðbrögð. „Viltu fá klapp á bakið fyrir að senda 400 öndunarbúnaði? Þú ert ekki að skilja umfang

vandans.“ Trump svaraði með því að segja að öndunarbúnaðar væru „mörg þúsund“ og stæðu óhreyfðar í vöruhúsi.

Bætti Trump um betur í gær með því að tilkynna að sjúkrahús fengju viðbrögð sín við faraldurinum. „Á New York væri ekki treystandi til að koma þeim til skila.“

Demókratar á Bandaríkjaþingi hafa gagnrýnt Trump harðlega fyrir viðbrögð sín við faraldurinum. „Á meðan forsetinn stingur hausnum í sandinn heldur fólk áfram að deyja,“ sagði Nancy Pelosi, forseti fulltrúardeildar Bandaríkjaþings, við CNN. Sagði hún að fyrstu viðbrögð hans hefðu kostað marga lífið.

Trump svaraði henni í þættinum Fox & Friends og sagði að hún væri „veikur hvölpur“ sem „ætti við mörg vandamál að stríða“. „Þegar það ver ég sem stoppaði mjög smitað fólk sem kom frá Kína mun fyrir en allir sögðu að væri nauðsynlegt, líka sérfræðingarnir. Enginn sagði að þess þyrfti nema ég,“ sagði Trump. „Ef ég hefði ekki gert það þá hefðu margfalt fleiri dáð.“

arnartomas@frettabladid.is

Alræmdur fjöldamorðingi fannst látinn í klefa sínum

BANDARÍKIN Dæmdur fjöldamorðingi, Lonnie Franklin, fannst látinn í klefa sínum í San Quentin-fangelsinu í Kaliforníu um helgina. Franklin var 67 ára gamall þegar hann lést. Engin merki voru um átök en niðurstöður úr krufningu liggja ekki fyrir.

Franklin var dæmdur til dauða árið 2016 fyrir tíu morð, á níu konum og einni unglingsstúlku, á rúmlega tveggja áratuga tímabili, hið fyrsta árið 1985 og hið síðasta

árið 2007. Franklin, sem var þekktur undir viðurnefninu „Grim Sleeper“ starfaði sem sorphirðumaður í Los Angeles-borg á sínum tíma.

Tilviljun réði því að yfirvöldum tókst að hafa hendur í hári hans. Sonur Franklins var handtekinn fyrir vopna- og fíkniefnabrot árið 2008. Prófun á erfðaefni sonarins gerði það verkum að böndin beindust að föður hans.

Lögreglan fylgdist vandlega með Franklin um nokkurt skeið með það



Lonnie Franklin. MYND/EPA

fyrir augum að ná sýni af erfðaefni hans. Dulbjó lögreglumáður sig sem þjónn á veitingastað og að lokum kom hálféttinn pitsuendi upp um hann. Franklin var að lokum handtekinn árið 2010. Sex ár tók að fá hann dæmdan fyrir morðin eftir miklar lagaflækjur.

Fórnlömb Franklins voru í sumum tilvikum vændiskonur og fíkniefnaneytendur. Hann ýmist skaut eða kyrkti fórnarlömb sín og kom líki þeirra fyrir í húsasundum

eða ruslagámum. Í nokkrum tilvikum nauðgaði hann fórnarlömbum sínum áður en hann myrti þau. Yngsta fórnarlamb niðingsins var 15 ára gömul stúlka.

Talsverðar líkur eru taldar á því að Franklin hafi haft mun fleiri líf á samviskunni. Á tímabili var hann tengdur við sex önnur morð. Við leit á heimili hans fundust 180 myndir og myndbönd af öðrum konum en aðeins tókst að bera kennsl á hluta þeirra. - þþ



Við bjóðum þér betra sæti!

Þetta er Cliff frá Het Anker

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Góður árangur

Sighvatur Arnmundsson
sighvatur@frettabladid.is

Þær aðgerðir sem heilbrigðisvöld og almannavarnir hafa gripið til vegna útbreiðslu kórónaveirunnar virðast vera að skila tilætluðum árangri. Samkvæmt nýju spálíkani fylgir faraldurinn enn bestu spá. Vöxturinn er hægur og línulegur. Þetta getur þó breyst hratt og því afar mikilvægt að almenningur haldi áfram að fylgja fyrirmælum yfirvalda.

Samkvæmt fyrrnefndu spálíkani mun faraldurinn ná hámarki fyrstu vikuna í apríl. Rættist hins vegar svartsýna spá líkansins yrði hámark faraldursins viku síðar. Gert er ráð fyrir því að mesta álagið á spítala og gjörgæsludeildir verði skömmu fyrir miðjan apríl. Það er því ljóst að komandi dagar og vikur geta reynt verulega á innviðina.

Greint hefur verið frá því í fjölmiðlum að nokkur fjöldi ábendinga hafi borist yfirvöldum um brot á hinu herta samkomubanni sem tók gildi í síðustu viku. Sem betur fer virðast sögur af fjölmönnum íþróttaefingum ekki eiga við rök að styðjast. Þá virðast einhver brot byggja á miskilningi eða rangri túlkun á reglum samkomubannsins. Vonandi er það raunin með flest þessara meintu brota því það er grafalvarlegt mál ef fólk tekur ekki mark á þessum reglum. Slik brot geta teft í tvísýnu þeim góða árangri sem náðst hefur.

Það er ekki að ástæðulausu að gripið hefur verið til jafn íþyngjandi aðgerða og samkomubann er. Búast má við því að enn muni nokkur tími líða þangað til óhætt verður að slaka á þessum aðgerðum. Þolinmæði og ædruleysi eru bestu ráðin í þessu nánast óraunverulega ástandi sem nú ríkir.

Nú er liðinn réttur mánuður frá því fyrsta smitið var staðfest á Íslandi. Breytingarnar sem orðið hafa á samfélaginu á þessum tíma eru ótrúlegar og hefðu raunar þótt óhugsandi fyrir ekki svo löngu. Stjórnvöld á Íslandi treystu allt frá upphafi faraldursins ráðleggingum fagfólks og hafa byggt áætlanir sínar samkvæmt því. Fyrir það bera að þakka því það er alls ekki sjálfgefið. Við þurfum ekki að leita langt til að finna dæmi um stjórnvöld sem hafa tekið ákvarðanir þvert gegn ráðleggingum sérfræðinga í sóttvörnum og faraldsfræði. Viða sváfu yfirvöld á verðinum og gripu allt of seint til aðgerða sem voru þá ansi harkalegar.

Þá er það áhyggjuefni að andlýðræðisleg öfl eru að nýta sér aðstæðurnar. Þannig samþykkti ungverska þingið í gær neyðarlög sem gefa Victor Orban, forsætisráðherra landsins, einræðisvald til að takast á við COVID-19 faraldurinn. Þrátt fyrir hörð andmæli stjórnarandstöðunnar var frumvarpið samþykkt án þess að tímamörk væru á þessum auknu völdum forsætisráðherrans.

Hér hefur yfirvöldum auðnast að koma almenningi í skilning um alvarleika málsins án þess þó að skapa andrúmsloft ótta og vantrausts. Það er ekki svo lítið afrek.



Polinmæði og ædruleysi eru bestu ráðin í þessu nánast óraunverulega ástandi sem nú ríkir.

Halldór



Frá degi til dags

Vending

Daglegir upplýsingafundir almannaþinganna eru orðin fastir liðir í tilveru okkar Íslendinga. Mánuður er liðinn frá því að þeir hófust og líkt og með alla góða sjónvarpsþætti er manni farið að þykja mjög vænt um allar aðalpersónurnar. Inn á milli koma svo gestaleikarar með einhverja stæla. Fundirnir fjalla um grafalvarlegt mál og því ekkert rými fyrir einkamál. Gripa áhorfendur því allir á lofti minnsta mola um eitthvað annað en veiruna, eins og að Þórólfur hafi horft allsgáður á Helga Björns um helgina. Mun betri vending en í sápuoperunni á Alþingi þar sem þingmaður bað ráðherra um að sjúkdómsgreina hann vegna einhverrar flensu sem hann var með í desember.

Ótímabært aprílþagb

Upplýsingafundirnir hafa reynt vel við að halda landanum rólegum. Það er þó fleira sem gerir landann órólegan en veirufaraldurinn. Hagkaup ákvað að loka nammibarnum fræga fyrir en ella eftir að fjölmiðlar komust á snodir um að til stæði að selja nammid á 70 prósentu afslætti. Æstir nammigrísir vopnaðir skóflum voru ekki sáttir við hafa hlaupið apríl í marsmánuði. Líkamar þeirra munu þakka Hagkaupsmönnum síðar. arib@frettabladid.is

V

Eypór Arnalds
oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Viðbrögð skipta máli. Skynsamleg viðbrögð þríeykisins skipta miklu máli. Við getum staðið af okkur storminn saman. Fyrst er það COVID-19 sem virðist vera að ná hámarki á Íslandi. Skimun og sóttkvi. Samkomubann og minni snertingar. Þetta hefur skilað árangri.

Síðan er hitt - skyndilegt frost í efnahagsmálum. Ferðapjónustan er í fremstu viglinu, en líkt og smitandi veira getur tjónið margfaldað ef ekkert er að gert. Tekjufall hjá einum verður gjaldþrot hjá öðrum. Við erum staðráðin í að láta þetta áfall ekki brjóta okkur niður. Við þekkjum náttúruhamfarir og höfum tekist á við afleiðingar þeirra. Hagfræðingar tala um slíkan viðsnúning sem „V“. Kröpp niðursveifla en stutt. Sögulega séð eru kreppur sem verða vegna atburða eins og náttúruhamfara, drepsótta eða stríða styttri en bankakreppur. En hér skiptir öllu að viðbragðið sé rétt og sterkt. Reykjavíkurborg kynnti fyrstu mótvægis-tillögur sínar í síðustu viku. Þar lögðum við áherslu á lækun og frestun gjalda á atvinnulíf. Vernda störf. Viðsnúning með stóru V-i.

Upp á ný

Þegar storminum slotar nýtum við styrk okkar sem ferðamannalands. Viðerni, hreinleiki, öryggi og gæði verða enn eftirsóknarverðari. En við förum líka út úr þessa einstaka tímabili með miklu meiri færni í tækninni en áður. Skólar og vinnustaðir geta nýtt þessa tækni mun meira.

Sveigjanleiki í starfi og námi eru tækifæri sem tæknin færir okkur. Skólar geta byrjað örlítið seinna en atvinnulíf. Unnið líka meira heima. Þannig gætum við létt á samgöngukerfinu með breyttu vinnulagi. Við getum nýtt reynsluna af þessari krísu til góðs til framtíðar. Þannig bregðumst við vel við erfiðri reynslu. Komumst upp öldudalinn á V-inu og notum tæknina sem við erum að taka í notkun til að spara fjármuni, ferðir og tíma. Stundum þarf áfall til að bregðast við. Nú riður á að varðveita þekkingu fólks og störf. Notum svo tæknina til að gera enn betur þegar aftur er orðið bjart yfir.



Við þekkjum náttúruhamfarir og höfum tekist á við afleiðingar þeirra. Hagfræðingar tala um slíkan viðsnúning sem „V“.

weber Heitustu grillin!

Summit® kolagrill 61cm
Verð: 265.650 kr.
Tilboð: 215.000 kr.

weber.is

Hver eru áhrif Covid-19 á konur?



Stella Samúelsdóttir framkvæmdastýra UN Women á Íslandi

Áhrif Covid-19 faraldursins á heimsbyggðina eru auðséd. Hins vegar eru sértæk áhrif á konur ekki eins sýnileg.

Neyð hefur nefnilega ólík áhrif á ólíka hópa, kvenna og karla. Það er staðreynd að í neyð sem þessari eru konur berskjaldaðri en nokkru sinni fyrir ofbeldi og því miður fer tilkynningum um heimilisofbeldi fjölgandi með hverjum deginum um allan heim. Á meðan Covid-19 faraldurinn gekk sem harðast yfir Kína og útgöngubann ríkti, þrefölduðust tilkynningar vegna heimilisofbeldis á fjölda lögreglustöðva þar í landi og tölur frá Frakklandi sýna nú þegar 30% aukningu á tilkynningum.

Á heimsvísu sinna konur 70% starfa í framlínu heilbrigðis- og félagsþjónustu ásamt því að verja þrefalt meiri tíma í ólaunum umönnunarstörf en karlmenn. Á Íslandi eru 85% heilbrigðisstarfsfólks konur, sem nú eru í framvarðasveit við að bjarga mannslífum. Reynslan af fyrri farsóttum (ebóla og zika) sýnir að þau sem sinna þessum störfum eru mun útsettari fyrir sýkingum.

UN Women stendur vörð um réttindi kvenna og stúlkna ekki sist á tímum kreppu, í neyð og þegar heimsfaraldrar geisa, líkt og nú.

Faraldurinn hefur mun meiri áhrif á tekjur kvenna en karla. Konur sem starfa við takmarkað atvinnuöryggi, svo sem á tíma-kaupi, í þjónustustörfum og sem heimilishjálpar, verða verst úti fjárhagslega sem veldur því að þær geta ekki framfleytt fjölskyldum sínum á þessum erfiðu tímum.

UN Women stendur vörð um réttindi kvenna og stúlkna ekki sist á tímum kreppu, í neyð og þegar heimsfaraldrar geisa, líkt og nú.

Í yfirlýsingu sinni minnir Phumzile Mlambo Ngcuka, framkvæmdastýra UN Women, stjórnvöld ríkja heims á að setja upp kynjagleraugun, þrátt fyrir tímapressu og hröð handtök. „Takið mið af þörfum kvenna og stúlkna í viðbragðsáætlunum. Tryggið að fjármagn ríkisstjórna til aðgerða vegna Covid-19 feli í sér aukid fjármagn til kvennaathvarfa og kvennasamtaka svo þau séu í stakk búin til að taka á móti fleiri konum

sem flýja heimilisofbeldi. Komið í veg fyrir tekjuskerðingu og tryggð réttindi kvenna á vinnumarkaði og vinnustöðum þar sem konur eru í meirihluta og á ótryggum starfs-samningum og því verst útsettar fyrir uppsögnum.“

Stjórnvöld ríkja heims eru í þessum skrifuðu orðum að bregðast við útbreiðslu og áhrifum Covid-19 faraldursins. Við vitum að stefnumarkandi ákvarðanir sem ekki byggja á kynjadrá nálgun skila einfaldlega minni árangri í þágu okkar allra.

Um leið og við hjá UN Women á Íslandi fögnum þeim aðgerðum sem íslensk stjórnvöld hafa sett fram, þá viljum við hvetja þau sérstaklega til að safna kynjuðum gögnum á meðan faraldurinn stendur, að viðbragðsáætlanir hafi sjónarmið allra kvenna að leiðarljósi, að fjármagn sé veitt til að koma í veg fyrir ofbeldi gegn konum og til að bregðast við því, að kyn- og frjósemisþjónusta til kvenna skerðist ekki og að sérstakt tillit sé tekið til þarfa jafnarsettra kvenna í íslensku samfélagi, þá sérstaklega fatlaðra kvenna og kvenna af erlendum uppruna. Síðast en ekki sist að það fjárfestingaráttak sem hið opinbera ræðst í til að byggja upp samfélagið fari ekki einvörðungu í karllægari atvinnugreinar heldur styrki líka atvinnugreinar sem eru bornar uppi af konum.

Þau sem vilja leggja verkefnum UN Women lið tengdum Covid-19 er bent á heimasíðu samtakanna, unwomen.is.

Kaldar kveðjur kollega



Þorvarður Ingi Þorbjörnsson eigandi ferðaþjónustufyrirtækisins Boreal ehf.

Viljum við að fáein risafyrirtæki kaupi upp bransann eða viljum við fjölbreytni og grósku með fjölda fyrirtækja sem sýna raunverulegt frumkvæði og metnað?

Í grein í Fréttablaðinu 12. mars sl. varaði forstjóri Arctic Adventures við því að „öreksrarhæfum fyrirtækjum verði haldið á lífi“. Þetta passar ágætlega við málfutning hans í opnuviðtali fyrir nokkrum árum þar sem hann sagði á þá leið að litil fyrirtæki í ferðaþjónustu væru tímaskekkja.

Nú er það svo að samkvæmt eðli málsins byrja mörg ferðaþjónustufyrirtæki smátt, þar sem einstaklingar og fjölskyldur leggja á áramnar með blóði, striti, svita og tárur til að koma metnaðarfullum fyrirtækjum á lappirnar. Sumum tókst það, aðrir berjast í bökkum, sum fyrirtækin lögðust af og einhver munu verða gjaldþrota.

Rekstur Arctic Adventures virðist hafa gróðann einan að leiðarljósi, reka reynsluboltana og ráða í staðinn erlenda, ódyra starfsmenn sem búa gjarnan við knappan aðbúnað. Einnig flutti fyrirtækið hluta af starfsemi úr landi væntanlega til að spara innlendan kostnað og gjöld. Mér vitandi hafa nýir eigendur fyrirtækisins ekki haft frumkvæði að uppbyggingu í afþreying-

arferðaþjónustu þar sem leggja þarf til metnað, tíma, vinnu og hugsjón. Heldur keyptu þeir fyrirtæki sem þegar var búið að byggja upp.

Um 85% ferðaþjónustufyrirtækja eru með 10 starfsmenn eða færri, með þekkingu, reynslu og þjónustulund í farteskinu og brauðfæða þau fjölda íslenskra fjölskyldna. Þetta eru kannski fyrirtækini sem íslenska ríkið ætti að sjá sóma sinn í að aðstoða.

Eða, hvaða framtíð viljum við sjá í ferðaþjónustu á Íslandi?

Viljum við að fáein risafyrirtæki kaupi upp bransann eða viljum við fjölbreytni og grósku með fjölda fyrirtækja sem sýna raunverulegt frumkvæði og metnað?

Munum við þurfa á uppbyggingu eða afætum að halda?

Þjónusta við viðkvæma hópa samfélagsins



Ásmundur Einar Daðason félags- og barnamálaráðherra

inn og hérlend viðbrögð hafa verið gerðar aðgengilegar á fjölda tungumála, vegna góðra ábendinga frá fulltrúum innflytjenda á Íslandi.

Aukin hætta á ofbeldi inni á heimilum

Á fundi teymisins í síðustu viku ræddum við sérstaklega aukna hættu á ofbeldi inni á heimilum í þeim aðstæðum sem nú eru uppi en samkvæmt upplýsingum sem teymið aflaði eru nú merkjanlega færri tilkynningar að berast inn í kerfið, meðal annars til barnaverndar. Börn sækja ekki skóla eins og áður og hefur yfirsýn yfir velferð þeirra versnað. Það þarf vitundarvakningu um þessa stöðu og ég hvet fólki til að vera vakandi fyrir umhverfi sínu þó mikili gangi á hjá okkur öllum. Í þessu árferði er einmitt hvað mikilvægast að muna að við stöndum öll í þessu saman. Ef þú hefur ástæðu til að ætla að ofbeldi eða vanræksla sé til staðar inni á heimili þer þér skylda til þess að vera í sambandi við þar til bæra aðila gegnum símanúmerið 112. Við erum öll barnavernd!

Við höfum nú þegar gripið til aðgerða til þess að bregðast við þessum aðstæðum og verðum gripid til fleiri aðgerða á komandi dögum og vikum. Hjálparsími Rauða kross Íslands, bæði símanúmerið 1717 og vefurinn 1717.is, hefur verið efldur og getur fólk þar nú nálgast mun sérhæfðari ráðgjöf en áður. Markmiðið er að tryggja að greiður aðgangur sé að stuðningi og aðstoð fyrir þá sem það þurfa vegna álags, streitu, ofbeldis, vanlíðanar eða annarra orsaka. Hjálparsíminn er opin fyrir alla, börn og fullorðna, fatlað fólk, aldraða, fólk af erlendum uppruna, allan sólarhringinn.

Bakvarðasveit í velferðarþjónustu

Ég vil í lokin minna á að mönnum í velferðarþjónustu er orðin flókin á vissum stöðum og ég hvet alla þá sem geta að skrá sig í bakvarðasveit í velferðarþjónustu. Skráning fer fram á vef félagsmálaráðuneytisins.

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Brims hf. verður haldinn í dag, 31. mars 2020 og hefst hann klukkan 17:00 Fundurinn fer fram á íslensku.



Dagskrá

1. Venjuleg aðalfundarstörf skv. gr. 4.11 í samþykktum félagsins.
2. Tillaga um heimild til félagsstjórnar um kaup á eigin hlutum skv. 55. gr. hlutafélagalaga.
3. Skýrsla stjórnar um kosti og galla tilnefningarnefnda skv. samþykkt síðasta aðalfundar.
4. Tillaga stjórnar vegna samþykktar á hluthafafundi 12. desember 2019 um að fela stjórn félagsins að leggja fram til samþykktar eða synjunar tillögur sem miða að því að auka möguleika erlendra aðila til óbeinnar fjárfestingar í félaginu.
5. Önnur mál.

Þar sem heilbrigðisráðherra hefur ákveðið, í samræmi við tillögu sóttvarnarlæknis, að takmarka samkomur vegna útbreiðslu Covid-19 veirunnar hefur verið lagt bann við því að halda fjölmennan fund. Í ljósi þess og ábendingum frá hluthöfum félagsins beinir stjórnin því til hluthafa að **mæta ekki** á aðalfundinn heldur kjósa fyrirfram skriflega um tillögur fundarins og fela fundarstjóra umboð til að kjósa á fundinum fyrir sína hönd. Gert er ráð fyrir að einungis mæti á fundarstað starfsmenn fundarins, forstjóri og stjórnarformaður.

SKRIFLEG KOSNING

Eyðublað fyrir skriflega kosningu og leiðbeiningar er að finna á heimasíðu félagsins: <https://www.brim.is/brim/fjarfestar/adalfundur2020/>

Skulu hluthafar senda útfyllt eyðublað á netfangið: adalfundur@brim.is og verður tekið við þeim þar til fundurinn hefst kl. 17:00 á aðalfundardaginn.

SKRIFLEGT UMBOÐ

Jafnframt má senda þeim sem koma til með að sitja fundinn umboð með saman hætti og greinir hér að framan. Eyðublað og leiðbeiningar um það er að finna á heimasíðu félagsins: <https://www.brim.is/brim/fjarfestar/adalfundur2020/>

Frestur hluthafa til að senda félaginu umboð og skrifleg atkvæði er þar til fundurinn hefst kl. 17:00 á aðalfundardaginn á netfangið: adalfundur@brim.is

Fundurinn verður sendur út gegnum heimasíðu félagsins: <https://www.brim.is/brim/fjarfestar/adalfundur2020/> Þar verður útbúinn sérstakur

hlekkur áður en fundur hefst. Aðgangsorð inn á fundinn verður sent við móttöku atkvæðaseðils með umboði.

Nánari upplýsingar veita:

Inga Jóna Friðgeirsdóttir, fjármálastjóri í síma 858-1170 eða á netfangið ingajona@brim.is

Jón Þór Andrésen í síma 858-1030 eða á netfangið jonthor@brim.is

Aðrar upplýsingar

Dagskrá og öll skjöl sem lögð verða fyrir aðalfundinn, þ.m.t. ársreikningur félagsins og tillögur eru hluthöfum tiltæk á íslensku, á heimasíðu félagsins.

Allar nánari upplýsingar um aðalfundinn er að finna á vefsíðu félagsins, www.brim.is

Stjórn Brims hf.



Aleksander Ceferin forseti UEFA.

UEFA boðar fund á morgun

FÓTBOLTI UEFA, knattspyrnu-samband Evrópu, hefur boðað myndbandsfund með aðildarsamböndum sínum 55 á morgun. Samkvæmt tilkynningu sambandsins á að ræða meðal annars mögulegar hugmyndir um hvernig klára eigi yfirstandandi tímabil, samningsstöðu leikmanna og fleira sem brennur á aðildarsamböndunum. Guðni Bergsson og Klara Bjartmarz sátu fundinn fyrir KSÍ síðast þegar UEFA boðaði slíkan fund og búist er við að þau sitji þennan einnig. UEFA skipaði starfshópa sem eiga að skila niðurstöðum á þessum fundi. Þá eru einnig á dagskrá komandi landsleikir og Evrópuboltinn, Meistaradeildin og Evrópudeildin. -bb

HM-stíll á lokum enska

FÓTBOLTI Breska blaðið Independent segir að forkólfar enska boltans rói nú öllum árum að því að klára tímabilið. Ein hugmynd er að spila eins og á HM og allir 92 leikirnir yrðu í beinni útsendingu. Leikmenn yrðu hverjir á sínum hótélum og spilað yrði á hlutlausum völlum án áhorfenda. Dr. Jenny Harries, yfirmaður heilsuverndarstofnunar Bretlands, sagði að útgöngubannið gæti varað í marga mánuði og allt að sex mánuðir gætu liðið þar að lífið kæmist í fyrra horf. Engu að síður vilja ensku liðin klára leikina í júní og júlí. -bb



Alexander Lúkasjenko forseti Hvíta-Rússlands er sultuslakur.

Veiran flýgur ekki í Hvíta-Rússlandi

ÍPRÓTTIR Alexander Lúkasjenko, forseti Hvíta-Rússlands, er sultuslakur gagnvart COVID-19 faraldrinum. Í gær voru 94 tilfelli komin upp og ekkert dauðsfall í landinu sem telur um 10 milljónir manna. Rússar lokuðu landamærunum að landinu í gær en forsetinn er ekki að stressa sig á hlutunum. Lúkasjenko spilaði íshökkuleik fyrir framan troðna íþróttahöll af áhorfendum á sunnudag og eftir leik var hann spurður af fréttamanni hvort hann væri ekkert hræddur um að COVID-19 myndi stöðva að hann spilaði íþróttina. Hann svaraði rólegur. „Sást þú einhverja veiru fljúga hér um? Ekki ég. Það er betra að deyta standandi en lifa á hnjúnum.“ -bb

Bannað að herma eftir Heimi

Heimir Hallgrímsson lýsti hvernig æfingar ganga fyrir sig í Katar í Bítinu í gær þar sem leikmenn æfa einir á velli með þjálfara. Slík hegðun er ekki leyfileg hér á Íslandi. Tilmæli til íþróttafólks eru skýr.

ÍPRÓTTIR Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSÍ, bendir á að ekki sé leyfilegt að hafa einstaklingsæfingar undir stjórn þjálfara eins og Heimir Hallgrímsson gerir í Katar. „Við erum reyndar með einstaklingsæfingar. Leikmenn fá að bóka völlinn en það er bara einn leikmaður með völlinn í einu. Stundum er þjálfari með leikmanni en þeir koma frá ellefu á morgnana til sjö á kvöldin,“ sagði Heimir í Bítinu á Stöð 2 og Bylgjunni.

Þetta er brot á æfingabanni sem ÍSÍ og UMFÍ settu og KSÍ ítrekaði þau tilmæli í gær. Það er því ekki leyfilegt að herma eftir Heimi. Stutt er síðan UMFÍ gaf út yfirlýsingu um að visbendingar hefðu borist inn á borð þeirra vegna íþróttafólks sem væri að stunda æfingar úti.

„Ég hreinlega undrast að fólk haldi að bannið eigi við um aðra en ekki það sjálft. Við leggjum áherslu við stjórnendur í íþróttahreyfingunni á að allt íþróttastarfi eigi að fella niður, bæði barna og fullorðinna, boltaíþróttir, hestaíþróttir, dans og aðrar greinar,“ segir Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ.

Í pistli Elvars Geirs Magnússonar, ritstjóra fótbolta.net á sunnudag, segir: „Eftir að hafa rætt við fjölmarga stjórnendur félaga og þjálfara um helgina þá er greinilegt að fólk er ekki samstiga í því að túlka fyrirmæli um það hvað sé bannað og hvað ekki.“ Fótbolti.net fór á stúfana á sunnudag eftir að Víðir Reynisson yfirlöggluþjónn sagði að fjögur íþróttafélög hefðu stundað æfingar í æfingabanninu, sem reyndist vera rangt. Víðir fékk ekki hrós, hvorki frá Ólmu né Þórólfi, á fundi gærdagsins. Helgi Björns fékk þó klapp á bakið og Alma þakkaði þeim sem þróa rafrænar lausnir.

Þegar tilmælin eru skoðuð og lesin má sjá að þau eru skýr. Það stendur mjög skýrt til dæmis að sameiginleg notkun á búnaði er smitleið. Líney segir að þau félög sem hún hafi haft samband við segi henni að engar skipulagðar æfingar séu í gangi. „Tilmæli sóttvarnalæknis sem kynnt hafa verið voru að mínu mati mjög skýr það er að allt íþróttastarf falli niður bæði barna og fullorðinna.

Þá er mjög skýrt tekið fram að



Heimir Hallgrímsson, fyrrverandi landsliðsþjálfari og núverandi þjálfari Al Arabi, er með einstaklingsæfingar í Katar. Þar eru reglurnar öðruvísi en hér og því bannað að herma eftir hugmyndum Heimis. MYND/GETTY

sameiginleg notkun á búnaði er smitleið. Við getum öll aðstoðað við að koma þessum tilmælum á framfæri og gera fólki ljóst að það þarf að taka ábyrgð og fylgja tilmælum heilbrigðisvirkja.

Í tilkynningu frá Þórólfi sóttvarnarlækni vildi hann beina því til Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands að, líkt og gert hefur verið varðandi börn og ungmenni, tekið

Ég hreinlega undrast að fólk haldi að bannið eigi við um aðra en ekki það sjálft.

Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ



verði hlé í æfingum og keppnum á vegum sambandsins og aðildarsambands þeirra á meðan samkomubann varir.

„Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands og UMFÍ treysta því að öll íþróttahreyfingin muni fara að þessum afgerandi tilmælum og að allt íþróttastarf falli tímabundið niður.“

benediktboas@frettabladid.is

Eyjamenn þurfa að fara í girðingarvinnu

FÓTBOLTI Stjórn KSÍ tók fyrir tilögur mannvirkjanefndar um vallarleyfi á fundi stjórnarinnar í síðustu viku. Stjórnin samþykkti 18 vallarleyfi í samræmi við tilögur nefndarinnar en afgreiðslu vallarleyfa fjögurra keppnisvalla var frestað.

Eyjamenn þurfa að fara í girðingarvinnu í kringum Hásteinsvöll og fær völlum keppnisleyfi ef girðingarframkvæmdum vestan vallar verður lokið fyrir fyrsta heimaleik. Þá vantar vottun á grasíð í Egilshöll eins og frægt er. Vottun á gervigrasi á Hlíðarenda rennur út í júní og í ágúst í Víkinni. Fylkisvöllur og Stjörnuvöllur voru með vallarleyfi til 2021.

KA er á undanþágu eins og Fjölnir en framkvæmdaráætlun við vellina þarf að liggja fyrir í lok árs.

Stjórn ákvað einnig í ljósi aðstæðna í íslensku samfélagi að



Glæsilegasta vallarstæði landsins þarf girðingu vestan megin.

» Aðeins Laugardalsvöllur er með leyfilega keppnislýsingu á flöðljósum.

krefjast ekki prófa á gervigrasvöllum á keppnistímabilinu 2020. Þó þurfa umræddar prófanir að liggja fyrir tímanlega áður en kemur að útgáfu vallarleyfa fyrir keppnistímabilið 2021. Þau félög sem leika í Evrópukeppni á komandi keppnistímabili þurfa að standa skil á tilskilinni úttekt til UEFA.

Þá kom einnig fram á fundi stjórnar KSÍ að UEFA gerir kröfur um flöðlýsingu í leikjum á vegum sambandsins, sem er frá 800 lúx og hærra. Flöðlýsingarstaðan á Íslandi er alls ekki góð því staðan er sú að eini leikvangurinn sem uppfyllir þessa kröfu er Laugardalsvöllur. -bb

LEIÐ

PRÍÐJUDAGUR 31. MARS 2020

Heilsa

Kennir líkamsrækt í gegnum netið

Tanya Dimitrova rekur Heilsuskóla Tanyu sem venjulega iðar af lífi. Þessa dagana hefur hann hins vegar flust á netið þar sem tímarnir fara fram og þátttakendur gera æfingarnar heima.

Tanya Dimitrova færði kennsluna yfir á netið og nú geta nemendur hennar haldið áfram líkamsræktinni heima fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



**Einstök blanda
fyrir liðina**

Streita, kvíði eða svefnvandamál?

Avena Sativa getur hjálpað

Avena Sativa frá A.Vogel

- Jurtasafi unninn úr lífrænum höfrum
- Þekktur fyrir að hafa róandi áhrif á taugakerfið
- Getur bætt nætursvefn

Prófaðu Avena Sativa

Náttúruleg leið gegn streitu og svefnvanda



Fæst í apótekum, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaup og Heilsuhillum Nettó

Elin
Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Tanya segir að þegar fyrst hafi borist fregnir af því að Covid-19 farsóttin væri komin til landsins hafi eldra fólkið sem æfir reglulega hjá Heilsuskólanum dregið sig í hlé og haldið sig heima. „Það var auðvitað ekki skynsamlegt að þau væru að mæta í hóptíma. Mér fannst ég verða að finna einhverja lausn svo þau gætu hreyft sig áfram. Ég byrjaði því með beinar útsendingar af öllum tímum mínum, þótt það hafi enn þá verið fullt af fólki í salnum hjá mér,“ segir Tanya. „Fólkið sem þurfti að halda sig heima var þakklátt og fann gleði sína á ný í því að geta verið með okkur og gert sömu æfingar þótt það væri fjarri. Þegar samkomubannið var sett á var ég búin að þróa beinu útsendingarnar og tímarnir gátu haldið áfram í gegnum tölvuna eða sjónvarpið heima. Þetta bjargaði alveg deginum enda er þetta samlyndur hópur. Allir nemendur Heilsuskólans nota beinu útsendingarnar. Þetta eru mismunandi hópar á mismunandi námskeiðum. Fit & Fabulous námskeið fyrir konur, Stretch & Shape teygjur og mjúkt jóga fyrir dómur og herra, Ballet Fitness fyrir ballerínur og svo margir mismunandi danshópar fyrir styttra eða lengra komna,“ útskýrir hún.

Eldri borgarar í zumba

Tanya segir að allir geti skráð sig á námskeið og verið með. „Þegar fólk hefur skráð sig fær það aðgang að beinu útsendingunum auk þess sem það fær aðgang að upptökum af öllum æfingunum til að gera heima hjá sér seinna þegar því hentar. Svo þetta er miklu meira en bein útsending,“ segir hún. „Þetta eru skrítnir tímar sem við erum að upplifa. Ég trúi því að þetta ástand sé tímabundið og það mun birta til. Vorið og sumarið koma sterkt inn og lífið heldur áfram eins og áður með allri sinni gleði, fjöri, sól og fuglasöng.“

Tanya hefur kennt eldri borgurum zumba og nú eru þeir tímar líka komnir á netið. „Ég kenni Zumba Gold námskeið á mörgum stöðum í ýmsum hverfum á höfuðborgarsvæðinu og þar sem þetta er fyrir eldri borgara þá eru þeir viðkvæmastir í þessu ástandi. Ég sá snemma að ég þyrfti að finna lausn, svo Zumba Gold hóparnir mínir myndu geta haldið áfram að dansa, þrátt fyrir að þeir meggi ekki hittast í eigin persónu. Nú streymi ég dansæfingunum okkar daglega í öllum hópunum. Við spjöllum mikið saman á Facebook, svo enginn sé einmana. Elsti Zumba Gold dansarinn hjá mér er 86 ára gamall og ef hann getur verið nógu tæknivæddur til að tengjast netinu, æft rafrænt og notið göðs af, þá ættu flestir að geta þetta. Það eru bæði konur og menn sem æfa og dansa í Heilsuskólanum. Á meðan ástandið er svona, er eina lausnin að hafa beinar útsendingar með mér og svo upptök til að endurtaka rútinurnar eftir á, hvenær sem fólki hentar. Við spjöllum líka mikið saman á Facebook.“

Ekki æfa á náttfötunum

Við eigum öll að vera klædd skemmtilegum æfingafötum, við æfum ekki í náttfötunum, dömunar setja alltaf varalít á sig, alveg eins og þegar við förum út úr húsi til að mæta á æfingu. Og síðasta samþykkt reglan okkar er að hver og einn iðkandi setur sjálf af sér í hvert skipti í Facebook-hópinn í æfingafötunum, svo við getum „séð“ hvert annað. Þetta



Tanya er sæl og glöð yfir að nemendur hennar geti haldið áfram að æfa líkamrækt þótt skólanum hafi verið lokað. Nemendur hennar eru ekki síður ánægðir með þetta framtak og eru duglegir að taka þátt. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Hvað segja nemendur

„Þegar samkomubannið var hert dó Tanya ekki ráðalaus og streymir nú danstímum og annarri hreyfingu í opnu streymi. Þetta er frábær leið til að halda sér í formi á þessum síðustu og verstu tímum og alveg yndislegt að taka þátt í danstímum heima í bílskúr þar til veiran verður gengin yfir. Tanya gefur mikið af sér og dansarnir eru mjög fjölbreyttir. Það er alltaf tilhlökkun að „mæta“ í tíma hjá henni. Þetta hefur gengið snurðulaust og ég er viss um að þessir tímar bjarga andlegri heilsu margra.“

Ingrid Kuhlman
framkvæmdastjóri Þekkingarmiðlunar

fyrirkomulag virkar mjög vel og gefur okkur tilfinningu um eðlilegan hversdagsleika. Auk þess er svo skemmtilegt og gefandi að æfa, hreyfa sig og gleyma sér í smá stund. Það hjálpar okkur við að detta ekki niður í þunglyndi, ein-

manaleika, andlega einangrun eða depurð,“ segir Tanya.

Hún segir að allir ættu að gera heimaæfingar. Það hjálpi mikið að standa upp reglulega ef fólk er að vinna heima og gera léttar teygjur eða nokkrar snöggar erfiðari

„Mér fannst það ótrúlegt, til að byrja með, að hægt yrði að gera fjartíma svo spennandi og það vel, að maður yrði tilbúinn í að vakna kl. 6 á morgnana, þó svo að maður þyrfti ekki að mæta í vinnu svona snemma nú á þessum tímum. En þetta tókst Tanya, með sínum dugnaði og fagmennsku. Tímarnir eru álika góðir og krefjandi, manni finnst eins og maður sé í einkakennslu. Auðvitað saknar maður félagsskaparins og nærverunnar. En þetta er svo snilldarlega gert að ég hefði aldrei trúað því fyrr en ég reyndi enda er Tanya svo hvetjandi og frábær kennari. Og rúsinan í pylsuendanum er að maður getur endurtekið æfinguna seinna um daginn eða daginn eftir.“

Guðlaug Rún Margeirsdóttir

Búlgarskur Kyopoolu

700 g eggaldin
2 grænar paprikur
3 msk. ólífuolía
2 tómatar, fint saxaðir
3 msk. fersk söxuð steinselja
2 hvítlausrif
2 msk. rauðvinsedik
¾ tsk. salt, meira eða minna eftir smekk

Grillið eggaldin og paprikuna þangað til það er orðið dökkt. Setja þetta síðan í skál og hyljið með plastfilmu til að mynda gufu í 10 mín. Þegar þetta er ekki lengur mjög heitt þarf að taka hýðið af. Eftir það þarf að setja eggaldin og paprikuna í matvinnsluvél. Hellið ólífuolíunni rólega út í og haldið áfram að blanda þangað til þetta er allt vel blandað saman. Þegar það er komið þarf að setja blönduna í stóra skál og bætið við restinni af hráefninu og blanda vel saman. Kryddið eftir smekk með salti. Berið fram við stofuhita.

„Ég sá snemma að ég þyrfti að finna lausn, svo Zumba Gold hóparnir mínir myndu geta haldið áfram að dansa, þrátt fyrir að þeir meggi ekki hittast í eigin persónu.“

eðlilegu lífi og hægt er á þessum tímum. Það er hægt að nota stól heima til að teygja á og mýkja háls, bak, herða- og axlasvæði. Ég mun setja upp á næstu dögum vef- og Facebook-síðu Heilsuskólans með stólaæfingum og teygjum sem verða aðgengilegar fyrir alla. Einnig er mikilvægt að huga vel að mataræðinu. Sumir fá þá tilfinningu að það sé alltaf helgi og gleyma sér fyrir framan sjónvarpið með nasl og gos. Við eigum frekar að borða meira grænmeti og ávexti og drekka nóg af vatni. Það má elda góðan mat á hverjum degi enda um að gera að njóta og læra nýja rétti,“ segir hún.

Dýrmæt samskipti

Það er mjög hressandi og frískandi að fara út í göngutúr en það er ekki markviss þjálfun. Við þurfum að gera meira en það til að halda okkur í formi. Styrktar- og þolæfingar eða dans er góður kostur til að láta hjartað slá hraðar. Mjúkar jógaæfingar eða hugleiðsla eru streitulosandi. Börnin eiga endilega að taka þátt í æfingunum með foreldrum en með því skapast skemmtileg fjölskylduminning. Að dansa saman getur gert kraftaverk í því að láta sér líða vel. Það hjálpar mér mikið að vera í sambandi við fólkið mitt. Þessi dýrmætu samskipti við fólk gera mér gott jafnt og þeim,“ segir Tanya og bendir á að fólk geti notað YouTube-tónlistarmyndbönd til að dansa saman. „Á eftir er hægt að setjast niður og horfa á léttu gamanmynd, við getum stýtt okkur stundir með myndum eins og National Lampoon's Vacation, National Lampoon's Christmas Vacation og Vegas Vacation. Ég greinilega elska Chevy Chase,“ segir hún.

Tanya borðar ekki kjöt en gefur hér lesendum uppskrift að búlgörskum rétti sem er gerður úr eggaldini en rétturinn er mjög vinsæll í Búlgaríu. „Það er gaman að prófa eitthvað nýtt og spennandi. Mér finnst líka gaman að prófa mig áfram með alls konar kryddum.“

Rafrænar lausnir

ÞRIÐJUDAGUR 31. MARS 2020 **Kynningar:** Stafrænt Ísland, Þekking, Reiknistofa bankanna, Sensa, Dokobit, Nýsköpunarmiðstöð, CoreData



Stafrænt Ísland

Efling stafrænnar þjónustu er eitt af forgangsmálum stjórnvalda og unnið er að því markmiði að stafræn samskipti verði megin samskiptaleið almennings við hið opinbera. ➔2

Framhald af forsiðu →

Andri Heiðar Kristinsson, stafrænn leiðtogi í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, segir marga aðila koma að þeim stafrænu umbótum sem bæði fyrirhugaðar eru og unnið er að um þessar mundir.

„Verkefnastofa um stafrænt Ísland, sem starfar á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, hefur það hlutverk að tryggja markmið ríkisstjórnarinnar í þessum málaflokki og vinnur með ráðuneytum, stofnunum og öðrum opinberum aðilum að því að efla stafræna þjónustu við almenning og tryggja þannig skýr, einföld og hraðvirk samskipti.“

Einfaldari og hraðari samskipti

Það sparast umtalsverður tími og fyrirhöfn með innleiðingu og notkun stafrænna lausna í starfsemi hins opinbera. „Of mikill tími fólks, fyrirtækja og starfsmanna stofnana fer í dag í afgreiðslu einfaldra umsókna og erinda sem ætti að vera hægt að ganga frá samtundis á netinu. Nú eru til dæmis til u.þ.b. 3.000 mismunandi PDF-eyðublöð á vefsíðum opinberra aðila sem fyrirtæki og einstaklingar þurfa að prenta út, fylla út handvirkt og annaðhvort skanna inn og senda í tölvupósti, eða hreinlega að keyra með undirritað eintak til viðkomandi stofnunar. Við vinnum hörðum höndum að því að færa öll þessi eyðublöð yfir á stafrænt form til að spara fyrirtækjum sporin, auka hagræði og stytta afgreiðslutíma erinda í samskiptum við hið opinbera.“

Ísland.is kemur þér beint að efninu

Stafrænar lausnir á borð við Ísland.is hafa reynst vel og get notendum kleift að nálgast ýmsa opinbera þjónustu og gögn án óþarfa milligöngu. „Vefurinn Ísland.is er upplýsinga- og þjónustuveita opinberra aðila á Íslandi. Þar geta fólk og fyrirtæki fengið upplýsingar og notið margvíslegrar þjónustu hjá opinberum aðilum á einum stað. Á Ísland.is getur fólk komist beint að efninu í samskiptum við hið opinbera ef það veit ekki hvert það á að snúa sér eða hvar á að byrja. Nú þegar eru í boði á annað hundrað stafrænar umsóknir og leyfi sem hægt er að ljúka með sjálfafgreiðslu á netinu, en það er þó einungis byrjunin.“

Fyrirhugaðar eru breytingar sem koma til með að spara bæði tíma og peninga. „Strax á þessu ári mun vefurinn fara í gegnum miklar breytingar og verður stafræn þjónusta hins opinbera störefld. Sem dæmi má nefna að innan nokkurra vikna verður þar hægt að sækja um og fá afhent rafrænt sakavottorð í pósthólfíð á Ísland.is án þess að þurfa að keyra í heimsókn til sýslumanna og fá það prentað á pappír,“ útskýrir Andri.


„Stafræn samskipti hafa aldrei verið mikilvægari í samfélaginu og markmiðið með Ísland.is er að einstaklingar og fyrirtæki geti rekið erindi sín við stjórnvöld ríkis og sveitarfélaga, hvenær sem er, hvar sem er og án tafar. Einnig geti einstaklingar og fyrirtæki fengið upplýsingar um mál sín og fylgst með stöðu þeirra.“

Auknar fjárfestingar í stafrænum innviðum

Atburðarás undanfarinna vikna hefur nú leitt til aukinna fjárfestinga ríkisins á ýmsum sviðum. „Umfangsmikil aukning fjárfestinga í tækni, stafrænum lausnum og betri upplýsingakerfum í þágu einstaklinga og fyrirtækja er áformuð samkvæmt þingsályktunartillögu fjármála- og efnahagsráðherra sem lögð var fyrir



Andri Heiðar Kristinsson, stafrænn leiðtogi í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR



Alþingi í síðustu viku. Aukningin er hluti af 20 ma.kr. fjárfestinga-átaki sem kynnt var nýlega og er liður í viðamiklum aðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna kórónuveirunnar. Alls verða framlög aukin um 1.350 m.kr. á árinu 2020 til verkefna á sviði nýsköpunar, upplýsingatækni, netöryggis og stafrænnar þjónustu, samkvæmt þingsályktuninni.“

Verkefni af þessu tagi fela í sér margs konar samfélagslegan ávinning. „Markmið fjárfestingaverkefnanna er að leysa úr læðingi fjölda nýrra tækifæra sem felast í notkun stafrænna lausna og auka með því afköst einstaklinga, fyrirtækja og stofnana með tilheyrandi timasparnaði og framleiðniáukningu. Áætla má að þjóðhagslegur ávinningur sem hlýst af timasparnaði, styttri málsmeðferð og jákvæðum umhverfisáhrifum vegna lægri prent- og sendingarkostnaðar geti numið allt að 30 ma.kr. á ári næstu fimm árin.“

Stafrænar umsóknir um vegabréf og fæðingarorlof

Áhrifanna mun gæta við. „Aukin stafvæðing þjónustu við almenning verður í forgrunni en til stendur að hraða um 400-500 þjónustuferlum sem m.a. snúa að leyfisveitingum fyrirtækja, fjölskyldu- og forræðismálum hjá

sýslumönnum, rafrænum þinglýsingum og stafrænum umsóknum um vegabréf og fæðingarorlof. Sérstök áhersla verður á heilbrigðismál, m.a. með átaksverkefni til stuðnings nýskapandi lausnum í heilbrigðisþjónustu. Þá verður unnið að áframhaldandi þróun sjúkraskrárkerfis, meðal annars til að ná betur utan um biðlista og samskipti við almenning. Einnig verður unnið að endurnýjun upplýsingatækniherfa og eflingu tækniinnviða hins opinbera. Miðað er við að verkefni, sem fjármögnuð eru í þessu sérstaka fjárfestingarátaki, hefjist í síðasta lagi í september og verði lokið næsta vor.“

Fjárfest í opnum hugbúnaði í samstarfi við atvinnulífið

Vonir eru bundnar við að með átakinu skapist ný störf og aukin tækifæri. „Við hröðun fjárfestinga í þróun stafrænnar þjónustu hins opinbera verður lögð áhersla á áframhaldandi þróun Ísland.is sem miðlægrar þjónustugáttar. Markmið stjórnvalda er að Ísland komist í fremstu röð í framboði á stafrænni þjónustu á næstu þremur árum. Með aukinni notkun opins hugbúnaðar er stuðlað að frekari nýsköpun, bæði hjá hinu opinbera og í einkageiranum. Áætlað er að fjárfesting

„Þá hefur verkefnið í för með sér afar jákvæð umhverfisáhrif þar sem það dregur úr notkun pappírs og sparar yfir 200 milljónir króna á ári í prentkostnað og pósthólfíðgjöld fyrir hið opinbera.“

stjórnvalda í stafrænum innviðum geti skapað 140-170 ársverk í upplýsingatækni og tengdum greinum. Þar af munu um 60-70 störf skapast á þessu ári og allt að 100 störf á árinu 2021.“

Þjónusta við fyrirtæki bætt og leyfisveitingum hraðað

Ljóst er að margt mun breytast á komandi mánuðum. „Til viðbótar við þjónustu við almenning verður einnig unnið markvisst að því að bæta stafræna þjónustu við fyrirtæki og hraða afgreiðslu á ýmiss konar leyfisveitingum. Til að mynda verða allir reikningar ríkissjóðs og stofnana sendir út rafrænt til fyrirtækja frá 1. maí á þessu ári, í samstarfi við Fjársýsluna, og jafnframt verður hægt að skoða yfirlit yfir alla reikninga, sækja hreyfing-

Jónatan Arnar Örylgsson verkefnastjóri kynnrí framfarir Stafræns Íslands fyrir hugbúnaðarfyrirtækjum fyrir nokkru.

aryfirlit og skoða innheimtustöðu fyrirtækisins á Ísland.is.“

Mun þetta draga verulega úr pappírnotkun og þar af leiðandi kostnaði. „Til viðbótar við það aukna þjónustustig sem þetta felur í sér fyrir stjórnendur, bókkara, gjaldkera og aðra sem sinna fjármálum fyrirtækja, þá hefur þetta verkefni í för með sér afar jákvæð umhverfisáhrif þar sem það dregur úr notkun pappírs og sparar yfir 200 milljónir króna á ári í prentkostnað og pósthólfíðgjöld fyrir hið opinbera.“

Aðgerðir af þessu tagi skila sér einnig í minni biðtíma. „Annað dæmi er að nýlega var verkefni lokið í samstarfi við Ferðamálastofu og nú eru allar umsóknir um leyfisveitingar fyrirtækja í ferðaþjónustu komnar á stafrænt form, s.s. ferðaskrifstofuleyfi, árleg skil fyrir ferðaskrifstofur og margt fleira. Áður var meðalafgreiðslutími umsóknar um ferðaskrifstofuleyfi um 45 dagar, en í nú er þessi tími í flestum tilfellum kominn niður fyrir tíu daga og er áfram unnið hörðum höndum að því að stytta umsóknartímann enn frekar.“

Stafræn umbylting hefur jákvæð umhverfisáhrif

Þá eru umhverfisáhrifin veruleg. „Til viðbótar við auknið þjónustustig og jákvæð efnahagsleg áhrif þess að stytta afgreiðslutíma erinda og spara hjá hinu opinbera, hefur stafræn umbylting einnig jákvæð umhverfisáhrif. Með stafrænum samskiptum minnkar prentun á pappír til muna og sendingarkostnaður sparast með tilheyrandi minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda. Í dag eru þær einnig ófær bilferðirnar sem einstaklingar og fyrirtæki þurfa að fara á milli stofnana sem hægt verður að sleppa og spara þannig enn frekari útblástur. Það er því ljóst að fjárfesting í stafrænum innviðum hins opinbera skilar sér margfalt til baka.“

Allar ábendingar og hugmyndir vel þegnar á island@island.is

island.is



nav í áskrift

Viðskiptalausn 1

- ✓ Fjárhagsbókhald
- ✓ Viðskiptavina- og lánardrottnakerfi
- ✓ Innkaupakerfi
- ✓ Sölu- og birgðakerfi
- ✓ Eignakerfi
- ✓ Verkbókhald

Ótakmarkaður fjöldi fyrirtækja
Reglulegar uppfærslur
Enginn stofnkostnaður

Wise sérlausnir:

- ✓ Rafræn VSK skil
- ✓ Rafræn sending reikninga
- ✓ Þjóðskrártenging
- ✓ Bankasamskiptakerfi
- ✓ Rafræn skil verktakamiða

Viðskiptalausn 2

Wise sérlausnir að viðbættri leið 1:

- ✓ Launakerfi
- ✓ Innheimtakerfi
- ✓ Rafræn móttaka reikninga

 Microsoft Azure

 Office 365

Microsoft Dynamics 365 Business Central Stafrænar lausnir í áskrift

Business Central (NAV)
er eitt mest selda bókhaldskerfi
landsins og fæst
í mánaðarlegri áskrift.

Fullbúin viðskiptalausn, hýsing og afritun
í Azure skýjaþjónustu Microsoft
ásamt vottuðum sérlausnum Wise
frá kr. 11.900* á mánuði.

Kynntu þér málið á navaskrift.is

Þjóðum einnig **Office 365** í áskrift.

*(verð án vsk)

Borgartún 26, Reykjavík » Hafnarstræti 93-95, Akureyri
Sími: 545 3200 » wise@wise.is » wise.is



Minna stress í heimavinnu

Lífið hefur breyst hjá mörgum eftir að vinnan fluttist heim. Fólk losnar við bílaumferð á morgnana og síðdegis og á fleiri stundir með fjölskyldunni. Þá dregur heimavinnan verulega úr streitu.

Elin
Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Anna Signý Guðbjörnsdóttir er sérfræðingur í notendarrannsókn og þjónustuhönnun hjá Kolibri. Þessa dagana vinnur hún heima eins og þorri landsmanna og segist hafa lært ýmislegt á því. „Við hjá Kolibri höfum verið að vinna heima frá okkur og það hefur gengið vel. Þau sem vinna í hugbúnaðargeiranum eiga oft auðvelt með að vinna heima. Hins vegar felst mitt starf mikið í því að tala við fólk og hitta það. Skiljanlega hefur það minnkað. Síðan er svolítið skritið að vera að vinna heima í svona langan tíma. Maður þarf að setja sig í aðra rútinu. Við notum fjarfundabúnað, vídeóspjall, spjallínur og tölvupósta,“ segir hún.

Anna Signý á fimm ára tvíbura-syni sem fara á leikskólann annan hvern dag. „Við hjónin reynum að skipta með okkur vinnutímanum þegar þeir eru heima. Höfum komið okkur upp ágætis vinnuadstöðu sem við þurftum að græja vegna þessara breytinga. Ég sakna samt vinnustólsins sem er þægilegr en stóllinn heima. Það eru ákveðin þægindi að vera á skrifstofunni,“ segir hún og bætir við að hún reyni að fara í göngutúra í hádeginu til að brjóta upp daginn.

Anna segist fyrst hafa verið kærulaus með fatastilinn, var bara á náttfötum. „Ég fann út að þetta væri ekki nógu sniðugt og ákvað að dressa mig upp. Ég á marga fallega kjóla sem ég nota núna. Ég saknaði þess að vera ekki í venjulegri rútinu. Við starfsfélagarnir tökum morgunkaffispjall á fjarfundi til að undirbúa daginn. Dagurinn í vinnunni byrjar á því að fá sér kaffi og spjalla svo við höldum



Anna Signý segir að það séu ýmsir góðir kostir við heimavinnuna.
FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

Við starfsfélagarnir tökum morgunkaffispjall á fjarfundi til að undirbúa daginn hjá okkur.

Því áfram þótt vinnustöðvar séu dreifðar. Við erum alltaf með opna rás til að geta spjallað saman, enda saknar maður vinnufélaganna mikið þessa dagana,“ segir Anna

en undanfarið hefur hún eingöngu haft fjölskylduna í kringum sig.

Anna segir tiltölulega auðvelt fyrir starfsfólk Kolibri að vinna heima, þægilegra en hjá mörgum öðrum. „Við höfum unnið heima áður þegar það hefur hentað betur svo þetta er ekki alveg nýtt fyrir okkur. Einnig höfum við haldið fjarfundi áður svo þetta er ekkert að koma okkur á óvart. Það sem er öðruvísi er að allir starfsmenn séu í fjarvinnu. Maður skipuleggur sig vel og notar það næði sem skapast, stundum sit ég meira að segja lengur við tölvuna en í vinnunni og mér tekst ágætlega að fókusa á

það sem ég er að gera. Framleiðnin er mikil,“ segir hún en Kolibri býður margs konar starfræna þjónustu. „Við vinnum venjulega náði með viðskiptavinum í teymum á skrifstofunni. Það hefur vitaskuld dregið alfarið úr því en mér finnst allir vera mjög skilningsríkir og umburðarlyndi hefur aukist. Væntingarnar eru öðruvísi og meiri samkennd hjá fólki.“

Anna bendir á að fjölskyldan sé líka mun nánari en áður og streitan minni. „Þetta var skritið fyrstu dagana en núna er lífið komið í ákveðna heimarútinu og börnin skynja að maður þurfi

næði til að vinna. Við förum minna út að gera eitthvað en í staðinn hefur skemmtilegum fjölskyldustundum fjölgað heima. Við þúslum og spilum og eigum frábæran fjölskyldutíma. Þetta er bara fint, ágætisleið til að minnka áherslu á hluti sem skipta minna máli. Við lifum alltaf í miklum hraða og spennu en þetta er fin leið til þess að lifa rólegra lífi. Ég panta allt á netinu og það er mjög þægilegt að fá allt sent heim, ekkert stúss að fara í búðir eftir vinnu,“ segir hún en það er frábært að sjá góðu kostina við samkomubannið.

Fjarvinna og fjarfundir með Teams

Það er leikur einn að halda utan um fjarvinnu og fjarfundi með Microsoft Teams sem hefur auðveldað starfsfólki að flytja starfsstöð sína heim.

Það hefur sjaldan verið mikilvægara fyrir fyrirtæki að laga rekstur sinn og þjónustu að þeim breyttu aðstæðum sem við stöndum frammi fyrir í dag,“ segir Ingvar Ágúst Ingvarsson, ráðgjafi í rafrænum lausnum hjá Þekkingu.

Hann segir fjarvinnu og fjarfundi aldrei hafa verið einfaldari í framkvæmd með verkfærum sem Microsoft býður upp á.

„Microsoft Teams er eitt öflugasta verkfærið sem völ er á í Office 365-svítunni, hvort sem það er fyrir samskipti, hópavinnu, fjarfundi og fjarvinnu. Það staðfesta miklar vinsældir Teams um allan



Ingvar Ágúst Ingvarsson er ráðgjafi í rafrænum lausnum hjá Þekkingu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

heim og er Ísland þar engin undantekning,“ segir Ingvar.

Nú í mars eru um 44 milljónir notendur Teams á hverjum degi og hafa um 20 milljónir nýrra notenda bæst við síðan í janúar á þessu ári.

„Teams auðveldar starfsfólki

að sinna sínum verkefnum. Það auðveldar samvinnu starfsfólks og er hentug lausn þegar kemur að fjarfundum, bæði með samstarfsfélögum og viðskiptavinum. Í umhverfinu er einfalt að tengja saman fjölmargar þjónustur í Office 365 og gera þær aðgengi-

legar á einum stað fyrir alla í teyminu,“ útskýrir Ingvar.

Hann segir fyrirtæki í auknum mæli farin að nota Teams sem simkerfi og hefur það til að mynda auðveldað starfsfólki að flytja starfsstöð sína heim í því ástandi sem ríkir í heiminum í dag.

Það er margt sem þarf að huga að við innleiðingu Teams og hafa ráðgjafar Þekkingar töluverða reynslu af Microsoft 365 innleiðingum.

„Þetta hefur gert fyrirtækjum kleift að laga sig að breyttum aðstæðum mjög hratt og halda uppi þjónustu. Fyrir starfsfólk sem er mikið á ferðinni er auðvelt að setja Teams upp sem app í símanum og geta þannig fylgst með þótt maður sé ekki við tölvuna,“ upplýsir Ingvar.

Ekkert megi svo gleyma að allar innleiðingar á tækni snúist um fólk og því þurfi að huga vel að breytingastjórnun þegar ný tækni sé tekin upp og ferlar breytist.

„Það er margt sem þarf að huga að við innleiðingu á Teams og hafa ráðgjafar Þekkingar töluverða reynslu af Microsoft 365-innleiðingum. Þar hefur Teams spilað lykilhlutverk í að tryggja farsælar innleiðingar,“ segir Ingvar.


Allar nánari upplýsingar er að finna á thekking.is



Bankþjónustan þín er í Landsbankaappinu

Þú getur afgreitt næstum öll þín fjármál í appinu:

- » Greitt reikninga
- » Breytt kreditkortaheimild
- » Skráð kortin þín í snertilausar greiðslur
- » Sótt um Aukalán
- » Millifært á innlenda og erlenda reikninga
- » Skoðað greiðsluseðla og rafræn skjöl
- » Stofnað netbankaaðgang og komið í viðskipti
- » Haft yfirsýn yfir öll þín fjármál
- » Og svo margt fleira



Google Play

App Store

Endurgera leikjaapp

Þau Sigrún Líf Erlingsdóttir og Hákon Arnar Sigurðsson eru þessa dagana á fullu að vinna að lokaverkefni sínu í Vefskólanum. Það er app til að nýta í spurningaleiki og fleira skemmtilegt.

Þau Sigrún Líf og Hákon eru á öðru ári í Vefskólanum, námsbraut í vefþróun sem kennd er við Tækniskólann. Appið sem þau eru að endurhanna og forrita er unnið í samstarfi við hugbúnaðarfyrirtækið Stefnu. „Appið er gömul vara frá þeim sem við erum að endurgera. Við erum eiginlega að taka hana alveg í gegn. Búa til nýjan kóða og endurhugsa hana,“ útskýrir Sigrún.

„Þetta var upphaflega app sem var hugsað fyrir skóla. Það var hægt að búa til spurningaleiki og kennarinn gat sent á bekkinn og hann fékk svo til baka upplýsingar um hverjir svöruðu rétt og hver nemandi fékk einhvers konar einkunn.“

Markmiðið hjá Sigrúnu og Hákonni er að breyta leiknum svo hann nýtist á fleiri stöðum en í skólum. Hugsunin er að einstaklingar geti búið til leiki og spilað til dæmis við vini sína en að hann nýtist einnig innan fyrirtækja, til dæmis í starfsmannþjálfun.

„Þetta er í grunninn bara spurningaleikur. Þetta á að vera einfalt og þægilegt. Þú býrð til spurningar og getur líka sett inn hljóð- og myndefni.“

„Þetta er í grunninn bara spurningaleikur. Þetta á að vera einfalt og þægilegt. Þú býrð til spurningar og getur líka sett inn hljóð- og myndefni. Það á að vera tungumálastuðningur í þessu svo að leikurinn getur verið á íslensku, pólsku, ensku og þessum helstu tungumálum. Svo verður líka hægt að fletta leikjum upp í spurningaböndum þannig að ef einhver hefur



Sigrún Líf og skólafélagi hennar Hákon hafa verið að endurbæta gamalt kennslu-app.

búið til sniðuga leiki þá er hægt að endurnýta þá,“ segir Sigrún.

Leikurinn er þannig byggður upp að margir geta spilað í einu og hægt er að senda hann á stóra hópa. „Við erum að hugsa um að setja upp einhvers konar stigatöflu líka. Þá er hægt að búa til keppni úr þessu, til dæmis ef vinahópurinn er að hittast í einhverju

partíi og spila leikinn.“

Sigrún segir að hugmyndin að appinu hafi komið frá Stefnu. „Við erum í starfsnámi. Kennarinn okkar hafði samband við nokkur fyrirtæki og það þau að koma með tillögur að verkefnum sem við gætum unnið með þeirra aðstoð og Stefna kom með þessa hugmynd. Þau voru búin að vera með

þetta app í einhvern tíma og vildu krydda það aðeins, gera það svoltið skemmtilegra.“

Ennþá er ekki komin nein dagsetning á hvenær appið verður tilbúið fyrir notendur að prófa.

„Þetta er lokaverkefnið okkar og það verður bara að koma í ljós á hvaða stig það verður komið í vor,“ segir Sigrún.

Kröfupotturinn gerir lífið auðveldara

Þótt Kröfupotturinn, rafræn lausn Reiknistofu bankanna, hafi sparað Íslendingum milljónir klukkustunda á líftíma sínum er vörumerkið ekki þekkt og lætur fara lítið fyrir sér út á við.

Fyrir ekki svo löngu þótti það sjálfsagður hlutur í íslensku samfélagi að fara í bankann öll mánaðamót til að borga reikninga heimilisins, í stað þess að greiða þá með einum smelli í heimabanka,“ segir Þórný Pétursdóttir, forstöðumaður hjá Reiknistofu bankanna (RB).

Hún segir flesta taka því sem sjálfsögðum hlut að geta borgað fyrir hlutina stafrænt og hugsa lítið út í tæknina sem þar liggur að baki.

„Að baki tækninni sem sparar okkur ferðina í bankann, og gerir okkur kleift að borga reikninga í netbanka, er lausn sem RB smíðaði í samvinnu við bankana upp úr síðustu aldamótum og hefur rekið allar götur síðan. Í gegnum lausnina flæða árlega 30 milljónir krafna af ýmsu tagi, sem áður hefðu verið afhentar og greiddar með margfalt óskilvirkari hætti. Með því að losa okkur undan tilheyrandi biðröðum og handavinnu, bæði þeirra sem greiða og þeirra sem taka við greiðslu, sporum við okkur fjölda klukkustunda á ári,“ upplýsir Þórný.

Lausn til að létta lífið

Hlutverk RB er að vera lykilsamstarfsaðili sem skapar virði fyrir viðskiptavinum sína með rekstri og þróun örugga innviða fyrir fjármálamarkaðinn.

„Við viljum vera drifkraftur breytinga og skapa hagræði fyrir okkar viðskiptavinum,“ segir Þórný. „Lausnin í núverandi mynd var



Þórný Pétursdóttir er forstöðumaður hjá RB. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

búin til upp úr síðustu aldamótum. Vinnan byggðist á góðu samstarfi á milli RB og sérfræðinga sem voru að störfum hjá bönkunum. Hún var smíðuð af mikilli framsýni, fyrst og fremst með það í huga að létta almenningi lífið og auka sjálfvirkni og skilvirkni greiðslukerfisins. Kröfupotturinn hefur einnig þá sérstöðu að um er að ræða eina miðlæga lausn fyrir allt landið sem hægt er að nálgast úr netböndum allra banka. Þetta er uppsetning sem við höfum ekki séð dæmi um annars staðar í heiminum en einfaldar lífið mjög mikið fyrir bæði kröfuhafa og greiðendur hér á landi.“

Starfsfólk RB heldur áfram þróun á þessari afkastamiklu lausn og í kortunum eru nýjungar sem gera muni líf íslenskra bankanotenda enn þægilegra. „Það fer ekki endilega mikið fyrir því þegar það gerist heldur verður líf okkar bara allt í einu númerinu auðveldara án þess að við veitum því sérstaka eftirtekt,“ segir Þórný.

„Lausnin hefur verið í mikilli þróun og endurnýjun á síðustu árum. Hún hefur verið uppfærð, margvisleg viðbótarvirkni hefur verið þróuð og allir innviðir eru í endurnýjun. Í þeirri endurnýjun hefur meðal annars verið lögð

áhersla á ógreidda reikninga. Næst á döfni er tenging við rafræn skjöl og viðbætur sem gera böndunum kleift að bjóða upp á fullkomna innheimtuþjónustu fyrir allar tegundir fyrirtækja, allt frá þeim stærstu yfir í lítil húsfélög og góðgerðarfélög.“

Afburða fjármálaþjónusta

RB leggur áherslu á að mæta kröfum og óskum bankanna þannig að þeir geti mætt þörfum viðskiptavina sinna sem allra best með þægilegum og hagkvæmum hætti.

„Flestir sem komnir eru til vits og ára kannast við Ógreidda reikn-

inga sem birtast þeim í öppum og netböndum. Með því að skoða þá er hægt að fá góða yfirsýn yfir helstu greiðslur sem standa þarf skil á næstu daga og vikur. Hægt er að greiða ógreidda reikninga með einum smelli og upphæðin færist á örstuttri stundu af reikningi greiðanda inn á reikning þess sem gaf út reikninginn. Einnig er hægt að óska eftir að sambærilegir reikningar skuld færist ávallt sjálfkrafa af reikningi greiðenda,“ útskýrir Þórný um þá hraðvirku og þægilegu leið sem miðlar greiðslum frá greiðanda til viðtakanda og byggir á miðlægum gagnagrunni sem RB þróar og rekur.

Þórný segir fæsta gleðjast yfir reikningunum sínum en þeir sem muni eftir hvernig þetta var hér áður fyrir, eða þekki til erlendis, sakni sjálfsagt fáir raðanna sem voru í böndum um hver mánaðamót þar sem fólk var mætt til að greiða aflánunum.

„Íslensk fjármálaþjónusta hafa alltaf lagt mikla áherslu á að veita viðskiptavinum sínum afburða fjármálaþjónustu í gegnum netið og öpp. Ógreiddir reikningar og virkni í kringum þá eru mikilvægur þáttur í að ná því markmiði og við munum halda áfram að þróa lausnina með okkar viðskiptavinum til að skapa enn meiri þægindi fyrir fyrirtæki og almenna notendur,“ segir Þórný.

Allt um Reiknistofu bankanna á rb.is

Fjarfundamenning er að skjóta rötum hér á landi

Örugg og skilvirk samskipti skipta miklu máli þegar starfsmenn starfa í dreifðu vinnuumhverfi en umtalsvert meira er um fjarfundi vegna Covid-19. Mikilvægt er að huga að þeim þáttum sem skipta máli til þess að fjarfundurinn skili árangri. Margar góðar lausnir eru í boði hjá Sensa.

Það hefur komið í ljós að fyrirtæki voru misvel búin undir þessar breytingar," segir Andri Örvar Baldvinsson, tækni-leiðtogi samskipta- og samvinnulausna Sensa. Mikilvægt er að huga að þeim þáttum sem skipta máli til þess að fjarfundurinn skili árangri. Einfalt notendaviðmót fyrir fundarstjóra sem og gesti er mjög mikilvægur þáttur. Einnig öryggi í formi aðgangsstýringar, þ.e. rafrænar auðkenningar til að tryggja að þeir sem koma inn á fundinn séu þeir sem þeir segjast vera. Þá þarf stundum að huga að streymi, upptökum og jafnvel þurfa sumir viðskiptavinir símafundarbrú.

Nýjar áskoranir

Andri bendir á að fundarstjórn skipti miklu máli á fjarfundum en verkefni fundarstjóra og undirbúningur funda sé öðruvísi. Til að mynda stendur fundarstjóri frammi fyrir nýjum áskorunum sem felast í að þekkja betur lausnirnar sem hann vinnur með og að ná athygli og virkni þátttakenda. Því þarf að huga að því að starfsfólk fái viðeigandi þjálfun í að stýra fjarfundum.

Mikið framboð er á lausnum sem nýtast í hvers kyns fjarfundi. „Við erum með mjög sterkt vöruframboð og sterkan hóp tækni-manna og ráðgjafa til að anna aukinni eftirspurn í fjarfundalausnum ásamt fjarfundabúnaði. Má þar nefna Sjáumst sem er fjarfundalausn sem er hýst á Íslandi, Microsoft Teams og Cisco Webex. Þar sem Sjáumst er hýst á Íslandi hefur hún ekki líðið fyrir mikla alþjóðlega aukningu í notkun.“

Andri segir að hópurinn hjá Sensa takist á við ólíkar áskoranir við að bæta fundaupplifun við fjölbreyttar aðstæður fyrir viðskiptavinum. „Við fögnum því



Andri Örvar Baldvinsson, tækni-leiðtogi samskipta- og samvinnulausna Sensa, segir margt í boði í fjarfundalausnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

hversu margar lausnir eru í boði sem sinna þessum verkefnum í dag enda eftirspurnin mjög mikil vegna breyttra aðstæðna. Lausnir eru misgóðar í að sinna ólíkum verkefnum og þess vegna er þarfa greining alltaf mikilvæg," segir hann.

Greina þarf fyrirtækja

„Ef þörfin er að geta boðið upp á tengingar frá mörgum ólíkum kerfum eins og Microsoft Teams, Skype, Cisco Jabber eða vafra þá er Sjáumst myndfundþjónustan besti kosturinn. Ef viðskiptavinir notast við Office 365 þá liggur

„Aðstæðurnar í þjóðfélaginu hafa skapað aukna þörf á notkun fjarfundalausna. Það er ánægjulegt að sjá hversu vel starfsfólkið hefur tileinkað sér þessar lausnir.“

næst við að skoða Microsoft Teams en sú lausn hentar sérstaklega vel þegar kemur að innri samskiptum og hópavinnu. Cisco Webex lausnaframboðið er fyrir allt þar á milli eins og streymi, aðgangsstýringar á fundum, hefðbundna kennslu og hópavinnu til að nefna nokkur dæmi. Auðvitað skarast lausnirnar með mismunandi hætti en þær hafa allar sína styrkleika og veikleika sem við hjálpum viðskiptavinum að greina á milli.“

Sensa hefur liðsinn alþjóðlegum fyrirtækjum og stórum sem smáum innlendum fyrirtækjum auk opinberra aðila. Sensa hefur t.d. unnið mikið upp á síðkastið fyrir almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra sem stuðningur við fjölbreytt verkefni hjá þeim. Einnig hefur Sensa unnið að lausnum fyrir fjarlækningar í samvinnu við Landlækni og heilbrigðisvið Origo. Þá hefur fyrirtækið unnið að fjarfundalausnum fyrir Landspítalann, Reykjavíkurborg og Samgöngustofu auk margra annarra fyrirtækja þar sem fjarfundir eru orðnir daglegir hjá flestum starfsmönnum.

Fjarfundum fjölga

„Fjarfundamenningin er komin til að vera og það sést á því að fjarfundir sem voru áður undantekning eru nú orðnir að reglu hjá mörgum fyrirtækjum. Öryggi og hræðslu við fjarfundi hefur verið rutt úr vegi vegna aðstæðna í þjóðfélaginu. Við gerum ráð fyrir að þegar ástandið hefur jafnað sig muni sú fundamenning sem áður var taka aftur við sér en það er nú þegar búið að sá fræjum og fjarfundamenningin hefur sannað notkunargildi sitt. Til dæmis má vitna í Jón Gunnar Jónsson, forstjóra Samgöngustofu, sem segir:

„Aðstæðurnar í þjóðfélaginu hafa skapað aukna þörf á notkun fjarfundalausna. Það er ánægjulegt að sjá hversu vel starfsfólkið okkar hefur tileinkað sér þessar lausnir í daglegu starfi upp á síðkastið. Nokkuð sem kemur örugglega til með að verða í auknum mæli í framtíðinni. Upplifunin er að fjarfundir virka vel án þess að það þurfi að kosta einhverju til. Fundirnir eru skilvirkir á sama tíma og þeir eru persónulegir þar sem þátttakendur sjá hverjir aðra í mynd. Auðvelt er að skoða sameiginleg gögn og óþarfa ferðatími sparast með þessu fundaformi.“

Að lokum vill Andri benda á að Sensa er með námskeið fyrir Sjáumst, Microsoft Teams og Cisco Webex. Námskeiðin eru fyrir almenna notendur, kerfisstjóra og fundarstjóra og hægt er að hafa samband við sala@sensa.is til að fá frekari upplýsingar eða ráðgjöf.



Þarftu hjálp með Microsoft Teams?

Office 365 hefur notið mikilla vinsælda á seinustu árum og eru margir þar með komnir með aðgang að Microsoft Teams sem fylgir öllum þeirra áskriftum. Sensa veitir fría aðstoð þessa dagana.

Fyrir þá aðila sem eru komnir af stað í Microsoft skýinu og eru að stíga sín fyrstu skref í fjarfundamenningu hefur Sensa ákveðið að veita fría aðstoð við notkun á Teams meðan samkomubann vegna Covid-19 stendur yfir.

„Aðstoðin verður á því formi að fólk geti leitað til okkar með spurningum með því að senda tölvupóst á hjalp@sensa.is og fá góð ráð er varða notkun á Microsoft Teams," segir Linda Dögg Guðmundsdóttir sem er sérfræðingur í skýjalausnum hjá Sensa. „Það geta alls konar spurningar vaknað núna þegar starfsmenn eru með dreifðar vinnustöðvar. Það hefur verið mjög mikið að gera undanfarið og margir sem þurfa aðstoð. Teams hefur verið í notkun í rúm tvö ár og notendur margir en þeim

fjölga umtalsvert núna vegna ástandsins. Ég get alveg talað um sprengingu, bæði vöndun á fræðslu og aðstoð. Einnig hefur þeim fjölgað mjög sem sækja námskeiðin. Þau eru ekki hluti af fríu aðstoðinni svo það sé tekið fram," segir Linda.

Sensa er gullvottaður samstarfsaðili Microsoft í notkun þessara lausna og óhætt er að segja að Teams hefur verið í forgrunni seinustu vikunnar þegar kemur að því. Linda er með námskeið fyrir þá sem vilja ítarlegri kennslu á Teams. Tvenns konar námskeið eru í boði, fyrir byrjendur og framhaldsnámskeið fyrir teymisleitoga. „Teams er þægilegt kerfi sem mörg fyrirtæki eru farin að nota, stór sem smá. Þar er hægt að stýra verkefnum, vinna saman í skjölum og halda fjarfundi með stórum



Linda Dögg Guðmundsdóttir er sérfræðingur og skýjalausnum hjá Sensa og veitir fólki ráðgjöf og aðstoð ef á þarf að halda. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

hópum svo eitthvað sé nefnt," útskýrir hún.

Byrjendanámskeið í Teams er haldið í fjarkennslu og tekur um einn og hálfan tíma. Framhaldsnámskeiðið er fyrir þá sem eru með grunnþekkingu, og er sérstaklega byggt upp fyrir teymisleitoga.

Hægt er að hafa samband við sala@sensa.is til að fá frekari upplýsingar eða ráðgjöf. Nánari upplýsingar um námskeiðin má einnig finna á www.sensa.is.



Stafrænar nálganir í hjálparstarfi

Það felast margs konar tækifæri í stafrænu hjálpar- og sjálfboðaliðastarfi. Undanfarin ár hafa hin ýmsu samtök því lagt aukna áherslu á stafrænar lausnir og nálganir í starfsemi sinni.

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is



Snædis Baldursdóttir, fjáröflunarstýra UN Women á Íslandi, segir samfélagsmiðla spila veigamikil hlutverk í starfsemi þeirra. Það stafi ekki sist af því hversu auðvelt er að ná til margra.

Hvernig nýtið þið stafrænar lausnir hjá UN Women í fjáröflunarátaki?

„Okkar helsti styrkur eru samfélagsmiðlarnir. Fylgjendum UN Women á Íslandi hefur farið fjölgandi með hverju árinu eftir að við höfum að leggja mikla áherslu á þær leiðir. Í kynningar- og fjáröflunarstarfinu náum við til breiðari hóps en við gætum mögulega náð til með hefðbundnari leiðum svo sem símtölum og samtölum úti á götum, þó að það séu vissulega mjög sterkar leiðir líka. Það sem hefur reynst okkur vel er samtalið, en fólk leitar líka mikið til okkar í gegnum samfélagsmiðlana og við sjáum vel viðbrögðin við því efni sem við setjum þar inn og vekjum fólk til vitundar.“

Tæknin geri fólki kleift að skrá sig og velja á milli ólíkra styrktarleiða á einfaldan hátt. „Það er okkur hjá UN Women mikilvægt að koma til móts við þarfir fólks og gera þá athöfn að skrá sig sem mánaðarlegan styrktaraðila, eða ljósbera UN Women, sem þægilegasta og fljótlegasta, hvort sem það er í gegnum heimasíðuna okkar á símanum sínum eða í tölvu. En að okkar mati er ein þægilegasta lausnin til að styrkja að senda sms-íð KONUR í 1900 og styrkja UN Women þannig með stökum styrk t.d. þegar við erum með neyðarherferðir í gangi. Þessi lausn er samtökum eins og UN Women ótrúlega mikilvæg vegna þess að það er bæði auðvelt að senda SMS og það tekur aðeins nokkrar sekúndur auk þess sem það er góð lausn fyrir alla sem hafa aðgang að síma, og fólk þarf ekkert að vera á netinu til þess. Auk þess er upphæðin 1.900 krónur nokkuð höfleg og eitthvað sem margir treysta sér til að leggja til góðs málfnis án skuldbindingar.“

Hægt er að styrkja á fleiri vegu. „Þeim sem nota ekki sms bjóðum við þann möguleika að leggja inn



Snædis Baldursdóttir, fjáröflunarstýra hjá UN Women á Íslandi.

á samtökin í gegnum smáforritin Aur og Kass með því að senda upphæð að eigin vali í númerið 839-0700 eða slá inn: unwomenisland. Það er möguleiki sem við sjáum fyrir okkur að muni fara hratt vaxandi.“

Hvernig hafa þessar safnanir gengið?

„Sms-safnanir UN Women á Íslandi hafa gengið gríðarlega vel

og eru frábær leið til að fræða um verkefni UN Women sem og virkja fólk. Við hjá UN Women á Íslandi vorum einmitt að hefja sms-neyðarsöfnun vegna þeirra afleiðinga sem Covid-19 faraldurinn hefur á konur þar sem við hvetjum almenning til að senda sms-íð KONUR í 1900.“

Samfélags- og efnahagslegar krisur hafi gjarnan í för með sér

aukið heimilisofbeldi. „En á meðan áhrif Covid-19 á heimsbyggðina eru auðséd eru áhrifin á konur ekki eins sýnileg. Neyð hefur nefnilega afar ólík áhrif á líf kvenna og karla. Það er til dæmis staðreynd að í neyð eins og þessari eru konur berskjaldaðri en nokkrum sinnum fyrir ofbeldi og því miður fer tilkynningum um heimilisofbeldi fjölgandi um allan heim með

„Í neyð eins og þessari eru konur enn berskjaldaðri fyrir ofbeldi og tilkynningum um heimilisofbeldi fjölga um allan heim með hverjum degi sem fjölskyldur eru innlokadar í samgöngubanni.

hverjum deginum sem fjölskyldur eru innlokadar í samgöngubanni.“

Áhrifin á líf kvenna eru margþætt. „Einnig hefur Covid-19 mun meiri áhrif á tekjur kvenna en karla. Konur sem starfa við takmarkað atvinnuöryggi, svo sem á tímakaupi, í þjónustustörfum og sem heimilishjálpar, verða verst úti fjárhagslega sem veldur því að þær geta ekki framfleytt fjölskyldum sínum. Markmiðið með neyðarherferðinni núna er þess vegna að UN Women hafi nægt fjármagn til að koma til móts við þarfir kvenna á þeirra eigin forsendum – til dæmis með því að tryggja þeim aðgang að viðeigandi þjónustu vegna heimilisofbeldis, þrýsta á aukin réttindi kvenna á vinnumarkaði, tryggja að jafnarsettir hópar svo sem konur með fötlun, í dreifbýli eða jafnvel í flóttamannabúðum, hafi aðgang að mikilvægum upplýsingum um faraldurinn, svo eitthvað sé nefnt.“

Verulegur árangur hafi náðst með þessari nálgun undanfarin ár. „Sms-neyðarsafnanir hafa verið okkar árangursríkustu herferðir og höfum við farið í þó nokkrar. Sem dæmi efndum við til neyðarsöfnunar í lok árs 2017 til að fjármagna hið magnaða starf UN Women fyrir sýrlenskar í konur í flóttamannabúðunum Zaatari í Jórdanum sem þúsundir landsmanna tóku þátt í. Varð fjármagnið til þess að það var hægt að opna nýjan gríðastað fyrir konur þar sem þær geta fengið jafningjastuðning, dagsgæslu fyrir börnin sín, skapað sér tekjur og síðast en ekki síst lífað með reisu. Þannig að þó að það að senda eitt sms virðist ekki vera mikið getum við gert ótrúlega hluti saman,“ segir Snædis.

„Ég vil endilega hvetja alla til að senda sms-íð KONUR í 1900 og styrkja þannig stöðu kvenna á þessum erfiðu tímum.“

VORHREINGERNINGIN

Sérblað Fréttablaðsins, Vorhreingerningin, kemur út mánudaginn 6. apríl.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



Nánari upplýsingar um blaðið veitir

Jón Ívar Vilhelmsson sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins
Sími: 550-5654 / jonivar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Sífelld fleiri nota rafrænar undirskriftir frá Dokobit

Með lausn Dokobit geta fyrirtæki aflað undirskrifta frá viðskiptavinum yfir netið. Með rafrænum undirskriftum er hægt að veita viðskiptavinum þægilegri og betri þjónustu en áður. Fullgildar rafrænar undirskriftir hafa lögum samkvæmt sömu réttaráhrif og handritaðar undirskriftir.

Ólafur Páll Einarsson, framkvæmdastjóri Dokobit á Íslandi, segir að þeir sem byrji að nota rafrænar undirskriftir snúi ekki aftur til pappírins.

Með rafrænum undirskriftum er hægt að veita viðskiptavinum þægilegri og betri þjónustu en áður að sögn Ólafs Páls. Rafrænar undirskriftir eru ekki einungis þægilegri heldur eru þær einnig öruggari en handritaðar undirskriftir þar sem erfiðara er að falska og eiga við þær.

Dokobit er hugbúnaðarfyrirtæki sem þróar lausnir fyrir rafrænar undirskriftir. Á síðustu árum hefur uppbygging félagsins verið hröð og fer viðskiptavinum Dokobit ört fjölgandi. Félagið er með skrifstofur í fjórum löndum og styður við rafræn skilríki frá tólf löndum í Evrópu. Í dag eru yfir milljón skjöl rafrænt undirrituð með Dokobit í hverjum mánuði. „Notkun á rafrænum undirskriftum hefur á þessu ári aukist gríðarlega en á síðustu vikum hefur notkunin margfaldast,“ segir Ólafur Páll.

Dokobit býður rafrænar undirskriftir fritt út apríl

Vegna áhrifa Covid-19 hafa mörg fyrirtæki beðið starfsfólk að sinna vinnunni heima sé það möguleiki. Til að styðja við fyrirtæki hefur Dokobit því tekið þá ákvörðun að gera allar rafrænar undirskriftir frjár út apríl í gegnum lausnina Dokobit Portal. „Með þessu viljum við leggja okkar af mörkum til að gera fólk og fyrirtækjum kleift að halda starfsemi sinni gangandi á þessu erfiðu tímum. Við viljum eindregið biðja fólk um að fylgja fyrirmælum og forðast óþarfa ferðir á fjölmenna vinnustaði eða stofnanir. Þess í stað hvetjum við fólk til þess að nota pappírslaus viðskipti með rafrænum undirskriftum,“ segir Ólafur Páll.

Eru rafrænar undirskriftir fullgildar og löglegar?

Fullgildar rafrænar undirskriftir hafa sömu réttaráhrif og handritaðar undirskriftir samkvæmt lögum númer 55/2019. Lögin eru innleiðing á Evrópureglugerð númer 910/2014 sem oftast er nefnd eIDAS-reglugerðin. Sömu lög tryggja jafnframt að ekki megi hafna því að fullgild rafræn undirskrift fái réttaráhrif af þeirri einu ástæðu að hún sé á rafrænu formi.

„Í einföldu máli þýðir þetta að fyrir þau tilfelli þar sem áður var krafa um að einstaklingur mætti í eigin persónu til þess að undirrita skjöl er núna hægt að nota rafræna undirskrift með stuðningi laga. Að auki tryggja lögin að fullgildar rafrænar undirskriftir hafa sama laglega gildi á milli landa í öllum aðildarríkjum ESB,“ segir Ólafur Páll.

Hvað er eIDAS-vottun?

Dokobit lauk nýlega eIDAS-vottun og er því fullgildur traustþjónustuveitandi í samræmi við lög númer 55/2019 fyrir fullgildar rafrænar undirskriftir og aðrar traustþjónustur. Með vottuninni hefur verið staðfest að lausnir Dokobit mæti öllum tæknilegum og lagalegum kröfum sem gerðar



Ólafur Páll Einarsson segir notkun á rafrænum undirskriftum hafa margfaldast undanfarinn mánuð. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Hvað er rafræn undirskrift?

Í grunninn er rafræn undirskrift rafrænt fingrafar sem notað er til að tengja á sannanlegan hátt rafrænu undirskriftina við þann sem skrifar undir. Hægt er að undirrita skjöl rafrænt á hvaða formi sem er en algengast er að nota PDF-skjöl. Fullgildar rafrænar undirskriftir verja skjölin á þann hátt að ekki er hægt að breyta innihaldi þeirra eftir að þau hafa verið undirrituð. Ef skjölunum yrði breytt yrði það auðmerkjanlegt þar sem undirskriftirnar brotna. „Á Íslandi notum við fullgild rafræn skilríki frá Auðkenni sem þýðir að allar undirskriftirnar hérlendis frá Dokobit eru fullgildar rafrænar undirskriftir,“ útskýrir Ólafur Páll.

eru til fullgildrar traustþjónustu. Ólafur Páll segir að þau hjá Dokobit séu gríðarlega stolt af þessum áfanga sem hefur kostað þau gríðarlega vinnu. Vottunin hefur mikla þýðingu fyrir viðskiptavinum Dokobit.

Af hverju velja fyrirtæki lausnir frá Dokobit?

Á meðal þeirra sem nota lausnir Dokobit eru mörg þekkt fyrirtæki, eins og Íslandsbanki, Kvika, KPMG, Origo, Taktikal, Swedbank, SEB bank, DNB bank, Nordea (nú Luminor), Sýslumaður, island.is, nokkur íslensk ráðuneyti og margir fleiri.

„Öruggar og einfaldar lausnir sem auðvelt er að innleiða er líklega stærsta ástæðan fyrir því að fyrirtækin velja Dokobit,“ segir Ólafur Páll. „Fyrirtæki geta sett upp sitt eigið útlit á tölvupósta og aðlagð viðmót til að samræmast sínu eigin vörumerki. Þau geta þannig veitt viðskiptavinum sínum fyrsta flokks upplifun á þjónustu. Öruggar og vottaðar lausnir hafa einnig skipt viðskiptavinum okkar miklu máli þegar

kemur að vali þeirra á samstarfsaðila.“

Hægt að fylgjast með undirritunarferli með appi

Með appi frá Dokobit geta starfsmenn fylgst betur með öllum skjölum sem eru í undirritunarferli og brugðist hraðar við fyrir viðskiptavinum á ferðinni.

Í Dokobit Portan er meðal annars hægt að:


- Stilla í hvaða röð þátttakendur eiga að undirrita skjöl.
- Velja samþykktaraðila áður en skjöl fara í undirritun.
- Setja upp eigið útlit fyrir fyrirtæki á tölvupósta og viðmót fyrir undirritun skjala.
- Setja upp aðgangsstýringar fyrir starfsfólk að mismunandi skjölum fyrirtækis.
- Rekja allt undirskriftarferlið með nákvæmri atburðaskrá.
- Bæta við rafrænu innsgli fyrir stofnanir eða skipulagsheildir.

Hægt er að tengja Dokobit Portal við önnur skjalavistunarkerfi á þann hátt að skjöl sem send eru í

Í einföldu máli þýðir þetta að fyrir þau tilfelli þar sem áður var krafa um að einstaklingur mætti í eigin persónu til að undirrita skjöl er núna hægt að nota rafræna undirskrift.

rafræna undirritun endi sjálfvirk á öðrum stað í skjalavistunarkerfi viðskiptavinar eftir að undirritun hefur verið lokið.

„Þrátt fyrir að efnahagsumhverfið okkar standi í dag frammi fyrir miklum áskorunum er aðdáunarvert að sjá aðlögunarhæfni margra fyrirtækja sem hafa tileinkað sér nýjar aðferðir til þess að geta áfram boðið þjónustu sína. Eins hefur ríkisstjórnin nýlega tekið stór skref til þess að auka áherslu sína á stafrænar lausnir meðal annars á vegum island.is og víðar. Með þessari þróun eru viðmið og kröfur neytenda að breytast mikið þegar kemur að stafrænni þjónustu. Notendur Dokobit mega einnig búa sig undir viðburðaríkt og spennandi ár þar sem mikið af nýjum eiginleikum og lausnum er nú í farvatninu og verður kynnt á árinu. Við hvetjum aðila til að fylgjast með á vefnum okkar dokobit.is.“



Appið frá Dokobit sendir tilkynningu í simann þegar undirskrift er lokið.

Yndislega stafræna veröld

Stafrænar lausnir hafa minnkað heiminn, gert hann aðgengilegri og líf nútímamannsins auðveldara. Nánast allt sem viðkemur lífsins þörfum er hægt að nálgast á þægilegan máta á netinu.

Pórdís Lilja
Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Stafrænar lausnir mættu manningnum fyrst þegar IBM setti fyrstu einkatölvuna á markað 1981. Árin á eftir sáu mýmörg fyrirtæki markaðstækifæri í gegnum einkatölvuna. Árið 1986 varð fyrirtækið ACT fyrst til að hleypa af stokkunum sérstökum hugbúnaði sem markaðssetti gagnabanka og smám saman tók hreyfiafl kaupenda og seljenda að breytast. Allt auðveldaði það fyrirtækjum að safna upplýsingum um viðskiptavini og ná til þeirra sem aldrei fyrr.

Þróunin tók stökk á tíunda áratugnum. Netnotendur á heimsvísu mældust 16 milljónir árið 1995 og árið á eftir eyddu Bandaríkjamenn að meðaltali hálf tíma á dag á netinu. Þremur árum seinna var leitarvélin Google stofnuð en hún er leiðandi í bestun stafræna markaðsherferða og markaðssetningu sem byggir á leitarordum.

Eftir aldamótin 2000 fjölgaði notendum internetsins hratt og voru þeir orðnir 558 milljónir árið 2002. Árið 2007 kom fyrsti iPhone-síminn á markað og almenningur



Stafræn tækni gerir okkur kleift að sýna umheiminum líf okkar og upplifanir.

» Við finnum flest sem okkur vantar á netinu; nauðsynjar, afþreyingu, mannleg samskipti, ferðalög, upplýsingar og ástina.

fékk aðgang að Google árið 2004. Þá kom í ljós ný kauphegðun neytenda sem leituðu sér upplýsinga um vöruna áður en þeir keyptu hana og þurftu markaðsöfl að mæta þeirri tilhneigingu með nýrri markaðstækni sem smám saman var þróuð til að komast til móts við persónulegar þarfir notenda.

Útbreiðsla samfélagsmiðla skapaði svo aftur vandamál fyrir markaðsaðila en það var leyst í gegnum mörg ný hugbúnaðar-fyrirtæki sem bjuggu til töl sem auðvelduðu greiningu á leit í farsínum og á samfélagsmiðlum.

Neytendur nútímans reida sig á stafrænar lausnir af öllu tagi og örskamma stund tekur að hlada niður efni á netinu. Við lifum á tímum þar sem flest er hægt að gera með stafrænum lausnum og höfum va xandi væntingar um að þær mæti þörfum okkar í hvívetna. Við sendum skilaboð og póst okkar á milli með stafrænum lausnum, förum í heima-bankann og stundum öll okkar banka-viðskipti

með stafrænum hætti, eigum í daglegum samskiptum við vini og kunningja í gegnum stafræna samfélagsmiðla og leitarvélar, verslum í matinn og finnum flest sem okkur vantar með stafrænum viðskiptaháttum, lesum bækur og leitum upplýsinga um allt á milli himins og jarðar, kynnumst ástinni, hlustum á tónlist og horfum á sjónvarp, kaupum hús og bíla, stundum líkamsrækt og nám á netinu, förum í stafræn ferðalög um heiminn, og fylgjumst með

fréttum og fólki allan sólarhringinn allt árið um kring. Markaðsöflin þurfa bara að halda viðskiptavinum við efnið og víst er að framboðið eykst stöðugt og möguleikarnir eru endalausir.



Sífelld fleiri finna ástina á netinu.

Vinnustofa Stafrænt forskot

verður haldin í apríl og maí endurgjaldslaut fyrir fyrirtæki á landsbyggðinni



Ég hef aldrei verið mjög virk á samfélagsmiðlum, vinnustofan hjálpaði mér hins vegar að skilja heim samfélagsmiðlana betur og vera óhræddari við að prófa mig áfram. Hulda Birna kom efninu til skila á liflegan, skýran og aðgengilegan hátt og ég gat strax nýtt það sem ég lærði.

Stefania Ólafsdóttir, stofnandi Heillastjarna.is

Þátttaka í Stafrænt forskot á Egilsstöðum vorandi 2019 var í senn fersk upprifun og þörf. Með því að fá faglega kennslu í því sem upp á vantaði, hefur leiðin verið upp á við og aukin þátttaka okkar og fagmennska meðal annars á Instagram og facebook hafa skilað okkur nýjum viðskiptum og um leið nýst sem smíðja og rökstuðningur við aðra markaðssetningu okkar.

Arngrímur Viðar Ásgeirsson Álþheimar Country Hotel Borgarfirði eystra. www.alfheimar.com



Fagleg kennsla veitti skilning á mikilvægi smáatriða í heildarímynd Hallormsstaðaskóla á stafrænu formi/netinu? Náðum flugi með aukinni þekkingu á forritum og nýtingu þeirra í stafrænum heimi.

Bryndís Fiona Ford, skólameistari Hallormsstaðaskólí

Vinnustofurnar eru unnar í samvinnu við Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið og eru styrktar af byggðaaætlun.

Nýttu tækifærið - skráðu þig núna!
Skráning á forskot.nmi.is



Stjórnarráð Íslands
Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið



Nýsköpunarmiðstöð
Íslands

Stafrænt forskot

Nýsköpunarmiðstöð Íslands býður upp á Stafrænt forskot, vinnustofur fyrir fyrirtæki á landsbyggðinni til að efla stafræna miðla á netinu. Hulda Birna Baldursdóttir hefur séð um verkefnið ásamt Örnun Láru Jónsdóttur.

Stafrænt forskot er bæði kennsluefni á netinu á forskot.nmi.is og vinnustofur sem settar voru upp víðs vegar um landið. Þetta er í raun og veru kennsla í markaðssetningu á netinu og nýtingu samfélagsmiðla auk aðstoðar við stefnumótun í markaðsmálum. Þetta hentar öllum litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem vilja nýta samfélagsmiðla, leitarvélabestun eða stafrænar lausnir í bókunum, verslun eða þjónustu," segir Hulda Birna.

Fyrstu vinnustofurnar voru haldnar í febrúar 2019 á nokkrum stöðum á landinu. Nú hefur það verið fært yfir á netið vegna ástandsins í þjóðfélaginu. Hulda segir að eftirspurnin hafi frá upphafi verið mikil. „Fulltrúar frá um 140 fyrirtækjum og stofnunum hafa setið vinnustofurnar og við erum enn að vinna með mörgum þeirra í áframhaldandi leiðsögn. Eftir svona vinnustofur hafa fyrirtækin betri yfirsýn yfir markmið og stefnu í markaðsmálum.

Við höfum einnig nýtt þetta kennsluefni á öðrum námskeiðum sem Nýsköpunarmiðstöð hefur haldið fyrir frumkvöðla, Frumkvæði, sem er úrræði fyrir fólk í atvinnuleit sem vill stofna eigið fyrirtæki og einnig á Brautargengi sem er námskeið fyrir konur sem vinna að eigin viðskiptahugmynd. Það er nauðsynlegt og þarf að miðla þessari þekkingu, nú á tímum stafrænnar þróunar.“

Þegar Hulda er spurð út á hvað vinnustofurnar gangi, svarar hún: „Við greinum hvaða samfélagsmiðlar henta hverju fyrirtæki með



Hulda Birna Baldursdóttir er verkefnastjóri hjá Stafrænu forskoti.

tilliti til markhóps þess. Það eru til yfir 200 samfélagsmiðlar og nauðsynlegt að staðsetja sig rétt. Einnig ákveða hvaða stefnu fyrirtækið eigi að taka og hvort þetta séu miðlar sem henta mynd þess.

Fyrirtæki vita í kjölfarið hvað þau vilja gera og á forskot.nmi.is hafa ráðgjafar skráð sig eða fyrirtæki, til þess að veita þjónustu í áframhaldandi skrefum. Margir hafa spurt sig hvort þeir eigi yfirhöfuð erindi inn á þessa miðla, til dæmis stofnanir. Ég svara því játandi að allar stofnanir ættu að vera á samfélagsmiðlum, því það er auðvelt að nálgast markhópin á miðlum.

Við förum í gegnum ýmislegt eins og efnisgerð, hvernig tíminn nýtist sem best og skoðum þær leiðir sem auðvelda fyrirtækjum

að koma frá sér efni. Loks er farið yfir það hvernig miðlarnir virka," segir Hulda og bætir við að þeir sem sækja vinnustofur efla sjálfs-traustið í notkun samfélagsmiðla. „Með því að fá tilsögn og kennslu öðlast fólk gott veganesti til að prófa sig áfram og auka sýnileika fyrirtækja sinna.

Stafrænt forskot er ókeypis núna í apríl og maí og fer fram á netinu. Kennit er í litlum hópum. Best er að skrá sig á forskot.nmi.is en þar er einnig stafrænt próf sem sýnir hvar fólk stendur. Allt kennsluefni er fengið hjá Business Gateway og hefur verið þýtt og staðfært yfir á íslensku auk þess að vera uppfært reglulega.“ Stafrænt forskot er styrkt af samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti í gegnum byggðaaætlun.



Skýjalausnir fyrir allar stærðir fyrirtækja Bókhalds- og sölukerfi | Fjarvinna | Heimavinna | Samvinna

Hvaðan vinnur þú í dag? dk er bókhalds- og sölukerfi í skýinu. dk býður upp á skýjalausnir fyrir allar stærðir fyrirtækja. Öll hugbúnaðarkerfi dk eru að fullu rafræn, hvort sem það er í sendingu og móttöku reikninga eða öðrum skilagreinum. dk notast við rafrænar undirskriftir við alla samningagerð. Öll námskeið sem dk heldur eru komin á netið svo enginn þarf að missa úr kennslustund. Endurskoðendur og bókarar tengjast beint inn í skýið hjá dk og þannig geta fyrirtæki og bókarar unnið saman rafrænt. Allar vefverslanir eru tengjanlegar við sölu- og birgðakerfi dk með vefþjónustum. Hafið samband við okkur og fáid kynningu á þeim fjölbreyttu skýjalausnum sem dk hugbúnaður hefur.



dk hugbúnaður 20 ára | 1998-2018

Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi | Hafnarstræti 53 | 600 Akureyri | 510 5800 | dk@dk.is | www.dk.is



Vinna eða heimavinna?

CoreData er aðgengileg og þægileg lausn þar sem þú hefur öll skjölin, verkin og málin í skýinu. Þú hefur yfirsýn og aðgang að öllu því sem þú þarft til að sinna þínu starfi – hvar sem þú ert í heiminum! Þú kemur meiru í verk með CoreData lausnum.

Skjölin mín



Öll skjöl og verkefni á einum öruggum og skipulögðum stað

Verkin mín



Öll skjöl og verkefni á einum öruggum og skipulögðum stað

Málin mín



Tryggðu öruggt vinnuumhverfi með þínum samstarfsaðilum, birgjum og viðskiptavinum með rafrænum hætti

Með CoreData hefur þú aðgang að þínum skjölum hvar sem er.

Fjarlausnir fyrir fyrirtæki og stofnanir

Fjarvinna verður leikur einn með CoreData. Þar er að finna í einni lausn allt það sem sameinar það besta í skjala-, verk- og málastjórnun. Með íslensku hugviti hefur CoreData byggt upp og rekið frábærar hugbúnaðarlausnir með frábærum árangri.

Viðskiptavinir CoreData eru af öllum stærðum og gerðum og tilheyra hinum ýmsum atvinnugreinum. Með lausnum frá CoreData hafa þeir hafa meðal annars:

- Komið böndum á skjalaóreiðu
- Náð yfirsýn yfir öll verkefni
- Tryggt öruggan rekstur

CoreData telur að íslensk fyrirtæki þurfi hraða innleiðingu hugbúnaðarlausna þannig að þau séu fær um að laga sig að sibreytilegu umhverfi. Fyrirtækið gerir viðskiptavinum kleift að koma til móts við starfsmenn sína með auknum sveigjanleika. Það er gert með því að bjóða upp á aðgang

» Viðskiptavinir þínir hafa aðgang að vefgátt þar sem þeir geta sent inn umsóknir, athugasemdir, beiðnir og önnur erindi. Allt eftir þeirra þörfum.

að öllum skjölum og verkefnum hvaðan sem er og hvenær sem þeim hentar.

Frá umsókn til undirritunar
Viðskiptavinir þínir hafa aðgang að vefgátt þar sem þeir geta sent inn umsóknir, athugasemdir,

Hvernig hjálpar CoreData þínum vinnustað?

- > Náðu tókum á óreiðunni og fáðu loksins yfirsýn yfir skjöl og verkefni
- > Minnkaðu rekstrarkostnað með minni handavinnu, leifturfíjóttri leit og engum pappír
- > Öruggt aðgengi að skjölum og verkefnum
- > Eykur samvinnu við þína samstarfsaðila, birgja og viðskiptavini
- > Þú uppfyllir kröfur Þjóðskjalasafns Íslands um rafræna skjalavörslu



- ✓ Engin uppsetning, enginn vélbúnaður, enginn rekstur
- ✓ Ótakmarkaður fjöldi verkefna
- ✓ Hagkvæm og sveigjanleg lausn sem vex með þínum rekstri
- ✓ Ótakmarkað gagnamagn
- ✓ Auðveld og fljótleg innleiðing – þú getur byrjað strax
- ✓ Töff og geggjuð þjónusta

Purfa viðskiptavinirnir ennþá að heimsækja þig? Gætu þeir ekki skráð sig rafrænt inn og sent þér umsóknir, verkefni og önnur gögn á öruggan og pappírslausan máta?

Vantar þig aðgang að skjölunum þínum – sama hvar þú ert? Við geymum öll skjölin þín í skýinu fyrir þig, þú hefur alls staðar aðgang að þeim.

Átt þú erfitt með að finna réttu skjölin? Við hjálpum þér að skipuleggja skjölin þín á einfaldan og þægilegan máta. Að auki er mjög öflug leit í kerfinu sem hjálpar þér að finna það sem þú leitar að.

Þarft þú að auka samvinnu teyma – bæði á skrifstofunni og annars staðar? Skýr yfirsýn yfir verk, mál og öll skjöl sem þeim tengjast á einum notendavænum stað.

Vantar þig betri yfirsýn yfir verkefnum? Öllum verkefnum er hægt að úthluta ákveðna starfsmenn, tengja við viðskiptavini þína og fylgjast með stöðu þeirra.

beiðnir og önnur erindi – allt eftir sínum þörfum. Allt ferlið er pappírslaut en hvert rafrænt undirritað skjal sparar viðskiptavinum tíma, bílferðir og umstang. Að sama skapi spara rafræn skjöl og umsóknir starfsmönnum tíma við vinnslu. Það stýttir afgreiðslutíma og stuðlar að umhverfisvænni rekstri.

Með því að velja CoreData eykur þú sveigjanleika í þínu fyrirtæki ásamt því að stýðja við fjarvinnu. Ef þú kannast við þessar áskoranir, ekki hika við að hafa samband – CoreData setur upp fjarfund til að ræða málin. coredata@coredata.is, www.coredata.is eða 550-3900.

Líkamsrækt og hlaup

NUTRILENK GOLD hefur hjálpað þúsundum Íslendinga sem þjáðst hafa af eymslum í liðum, stíðleika eða braki í liðum. Ekkert lát er á vinsældum þessa liðbæti-efnis og það fjölgar stöðugt í hópi þeirra sem öðlast nýtt líf.

Nutrilenk liðbæti-efnin eru mörgum Íslendingum góðkunn. Jóhann og Erna hafa bæði tekið Nutrilenk í nokkurn tíma og deila hér með okkur sinni reynslu.

Get hlaupið og gengið á fjöll

Jóhann Gunnarsson byrjaði að taka Nutrilenk Gold fyrir um það bil tveimur árum og hefur líf hans og liðan gjörbreytt í kjölfarið:

„Ég sleit krossband fyrir mörgum árum og hef farið í nokkrar liðþófaaðgerðir. Þegar ég byrjaði að hlaupa fyrir alvöru fyrir ca. sex árum var ég alltaf með verki í hnjúnum og svo fór að þeir urðu óbærilegir þannig að ég gat nánast ekki stigið í fótinn. Ég tók mér pásu og byrjaði aftur en alltaf komu verkirnir aftur. Á endanum gat ég ekki stigið í fótinn nema að finna fyrir verkjum og oft vaknaði ég á nóttunni með verki.“

Fyrir um tveimur árum byrjaði ég að taka Nutrilenk Gold að staðaldrí og smám saman gat ég farið að ganga eðlilega og hlaupa aftur. Núna get ég gengið og hlaupið verkjalaus og finn ekkert fyrir verkjum eftir mikil átök og kemst auðveldlega af stað aftur. Ég hef klárað bæði hálfmarþon og fjallahlaup án verkja og þetta þakka ég NUTRILENK.“



Jóhann Gunnarsson byrjaði að taka Nutrilenk Gold fyrir u.þ.b. ári og hefur líf hans og liðan gjörbreytt í kjölfarið.

Fann ótrúlega fljótt mun

Erna Geirlaug Árnadóttir er 43 ára innanhússarkitekt sem hreyfir sig mjög mikið. Hún hreyfir sig alla daga og tekur vel á í hverju því sem hún tekur sér fyrir hendur.

„Ég er búin að æfa mikið síðustu ár; hlaupa, stöðvabjálfun, tabata og fleira og varð alltaf þreytt og aum í liðum og beinum eftir æfingar. Mér var bent á að prufa

Nutrilenk Gold og ég byrjaði á að taka 6 töflur á dag í nokkrar vikur. Ég fann ótrúlega fljótt mun til hins betra svo ég ákvað að prufa að taka líka 1 töflu af Nutrilenk Active því ég var enn með verki og eymsli í höndum. Active virkar eins og smurning fyrir liðina en ég fann mikinn mun á mér og eru verkirnir nú horfnir. Í dag tek ég 4 Gold og 1 Active daglega. Ekki má



Erna Geirlaug Árnadóttir hreyfir sig alla daga og tekur Nutrilenk Gold og Nutrilenk Active sem hún segir að virki sem smurning fyrir liðina.

gleyma Nutrilenk gelinu sem ég nota á axlir og hné en það kælir og dregur úr bólgu. Ég get því hiklaust mælt með öllum Nutrilenk vörum, án þeirra gæti ég ekki hreyft mig eins mikið og ég geri í dag, verkjalaus.“

Byggingarefni brjóskefvs

Nutrilenk Gold er mest selda liðbæti-efni á Íslandi og hefur það gert þúsundum Íslendinga kleift að hreyfa sig verkjalaust svo árum skiptir.

Nutrilenk linan inniheldur þrjár vörur: Nutrilenk Gold, Active og Gel, og allar eiga þær það sameiginlegt að þær hjálpa til við að draga úr stíðleika og eymslum í liðum. Nutrilenk Gold er þekktasta efnið en það er unnið úr sérvöldum fiskibeinum (aðallega úr hákarli) sem eru rík af kondrotíni, kollageni og kalki.

Til þess að gera þessi innihalds-efni eins virk og kostur er, þá eru þau meðhöndluð með ensími (hvata) sem smækkar stóru mólakúlun og gerir þau frásogunarhæf og virk sem byggingarefni fyrir brjóskef.

Að auki inniheldur Nutrilenk Gold C-vítamín, sem hvetur eðlilega myndun kollagens sem nauðsynlegt er til að viðhalda brjóski, D-vítamín og mangan.

Lífrænt RAUÐRÓFUDUFT í hylkjum

Rannsóknir hafa sýnt fram á og/eða bent til tengsla milli drykkju á rauðrófusafa og ýmissa jákvæðra heilsufarsþátta eins og:

- Lækk blóðþrýstings
- Aukið blóðflæði
- Bætt súrefnisupptaka
- Aukið úthald, þrek og orka
- Minni bólguviðbragða
- Heilbrigðara hjarta- og æðakerfi

100% náttúrulegt án allra aukaefna - 2 hylki á dag

Nítröt í rauðrófum hafa áhrif á blóðþrýsting. Þeir sem hafa lágan blóðþrýsting eða taka blóðþrýstingslyf ættu að ráðfæra sig við lækni áður en þeir bæta rauðrófum við mataræði sitt.



Útsölastaðir: Öll apótek, heilsuverlanir og heilsuhillur stórmarkaðanna

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opin alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

KRÓKUR

ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bílauppbod.is er uppbodsvetur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppbod - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is



Nýr Ford Transit Trend L3H2 4x4. Eigum bæði með milli hátt þak og hátt þak. 2 x hliðarhurð. Fjarlægðar skynjarar. Viðarklæðning innan. Verð á gömlu gengi frá : 5.400.000 án vsk.

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?

Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Þjónusta

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki o.fl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Málarar

LÖGG. MÁLARAMEISTARI

Tökum að okkur alla málningarvinnu, fagmennska og sanngjarnt verð. Málningarþjónusta Egils ehf. S:868-5171. egillsverris@gmail.com

REGNBOGALITIR EHF.

Alhliða málningarþjónusta. Löggiltir málarar geta bætt við sig verkefnum. Veitum sveigjanleg greiðslukjör við allra hæfi. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj. Miklaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Timavinna eða tilboð.

Strúctor byggingabjónusta ehf.

S. 893 6994

Trésmiði

TRÉSMIÐUR

tekur að sér stór og smá verk sanngjarnt verð s 8924624 net sjgverktakar@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gullas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Húsnæði


Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500



Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



89%

Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til 89% lesenda dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu.

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is

LOFTVIFTUR

Dreifðu varmanum betur

Haltu loftinu á hreyfingu

Sjáðu úrvalið www.viftur.is



Án viftu

27°
22°
18°

Ójafn hiti og heitast efst.

Með viftu

22°

Jafnari hiti og bætt loftflæði

Loftviftur spara orku með því að jafna hitastigið. Þeim mun meiri hæð, þeim mun meiri sparnaður. Á sumrin kæla vifturnar.

VATNSHITABLÁSARAR




Verð frá kr 99.990

HLJÓÐLÁTIR BLÁSARAR



ÞAKBLÁSARAR

MIKIÐ ÚRVAL AF STÆRÐUM OG GERÐUM.



HLJÓÐLÁTAR BAÐVIFTUR



KRAFTVIFTUR ÖFLUGAR GÓLFVIFTUR



ÞURRKBÓX

ERTU AÐ LEGGJA BÍLUM?



ÍSHÚSIÐ - LOFTRÆSTIBÚÐIN Á SMÍÐJUVEGI 4A, GRÆN GATA

ishúsið viftur.is
S:566 6000 • Smíðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur



DJÚFAVOGSHREPPUR

Auglýsing um skipulagsmál

Aðalskipulagsmál

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:

1. Lagning ljósleiðara um Djúfavogshrepp frá sveitarfélagamörkum í norðri að Djúpavogi.

Tillaga að breytingu (dags. 6. feb. 2020 m.s.br.) tekur til legu stofnlagnar ljósleiðara frá sveitarfélagamörkum í norðri að Djúpavogi.

Deiliskipulagsmál

Samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu:

2. Teigarhorn – fólkvangur og náttúruvætti.

Lagning ljósleiðara.

Tillaga að breytingu (dags. 6. mars 2020) tekur til lagningar stofnlagnar og heimauga ljósleiðara um fólkvanginn og náttúruvættið frá landamerkjum í austri að tengivirki RARIK á Teigum.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi á skrifstofu Djúfavogshrepps, Bakka 1, Djúpavogi og eru einnig aðgengilegar á heimasíðu Djúfavogshrepps: www.djupivogur.is undir liðnum Skipulagsmál. Tillaga 1 liggur jafnframt frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík.

Skipulagstillögurnar eru í auglýsingu frá 31. mars til 12. maí 2020. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa Djúfavogshrepps, Bakka 1, 765 Djúpavogi eða á skipulag@djupivogur.is, eigi síðar en 12. maí 2020. Vinsamlegast gefið upp nafn, kennitölu og heimilisfang sendanda innsendra ábendinga og athugasemda. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan gefins frests telst vera henni samþykktur.

Skipulagsfulltrúi Djúfavogshrepps



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Auglýsing um tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Vesturbæjarlundlaug - Hofsvallagata 54

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 26. febrúar 2020 og borgarráðs Reykjavíkur þann 12. mars 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vesturbæjarlaugar, lóð nr. 54 við Hofsvallagötu. Í breytingunni felst að komið er fyrir hundagerði á lóðinni, núverandi grenndargámastöð er fest í sessi og bílastæðum fækkað lítillega. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Ártúnshöfði, austurhluti

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 4. mars 2020 og borgarráðs Reykjavíkur þann 12. mars 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi "Ártúnshöfði - Eystri" vegna afmörkunar nýrrar lóðar fyrir smáhýsi. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leitast eftir að koma fyrir smáhýsum á völdum stöðum í borginni sem búsetuúrræði fyrir skjólstaðinga sína. Í breytingunni felst að koma fyrir allt að 3 smáhýsum á nýrri lóð. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá **31. mars 2020 til og með 12. maí 2020**. Einnig má sjá tillögurnar á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 12. maí 2020. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 31. mars 2020
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is



Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing

Capacent

Nýtt!

Capacent
flokkun

Sparar tíma og fyrirhöfn!



Alfred



lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

FAST

Ráðningar

www.fastradningar.is

TÍMAMÓT

Merkisatburðir

1905 Gull finnst við jarðborun við Öskjuhlíð í Reykjavík en magnið er of lítið til að vera vinnanlegt.

1917 Bandaríkin kaupa Dönsku Vestur-Indiur af Dönnum og borga 25 milljónir dollara fyrir. Síðan hafa eyjarnar heitið Bandarísku Jómfrúaeypjar.

1955 Togarinn Jón Baldvinsson strandar við Reykjanes. Allri áhöfninni er bjargað, 42 mönnum.

1966 Sovétríkin skjóta upp geimfarinu Luna 10 og koma því á sporbaug um tunglið.

1967 Á Raufarhöfn mælist 205 cm snjódypt sem þykir með fádæmum í þéttbýli á Íslandi.



Finnbogi Bernódusson og Sigurbjörg Árnadóttir við dæmigerðan súðbyrðing í Ósvörinni í grennd við Bolungarvík.

Fela í sér taug við fortíð

Hinn norræni súðbyrðingur er tilnefndur á lista heimsminjaskrár UNESCO. Sigurbjörg Árnadóttir, formaður Vitafélagsins – íslenskrar strandmenningar, er ánægð með það.

Varla er hægt að hugsa sér landnám Íslands án súðbyrðingsins, né búsetu hér fyrstu þúsund árin. Fiskeiðar, flutningar og ferðalög yfir úthafið, allt byggðist á þessum bát,” segir Sigurbjörg Árnadóttir um norræna súðbyrðinginn. Hann hefur verið tilnefndur á heimsminjaskrá UNESCO sem mikilvæg menningararfleifið, enda megi þekking á sögu hans og smíði ekki glatast. „Súðbyrðingarnir fela í sér taug við fortíð,” bendir hún á.

Sigurbjörg segir súðbyrðinga víða til á söfnum á Íslandi og á Ísafirði hafi verið staðið best að því að varðveita þá á sjó. Hún segir súðbyrðingum enn siglt um flóa og firði á Íslandi og víðar á norrænum slóðum en sifellt fækki þeim sem kunnir til verka þegar að viðhaldi þeirra komi. „Þetta er ævagamalt handverk en bæði í Noregi og Danmörku sækir fólk á öllum aldri þó námskeið í því, þar eru meðal annars ungar konur að smíða svona báta – og svo því sé til skila haldið hefur Sildarminjasafnið á Siglufirði haldið námskeið í viðgerð á súðbyrtum bát.”

Enn eigum við Íslendinga sem kunna handtökin við smíði súðbyrðinga, að sögn Sigurbjargar. Hún nefnir Hafliða Aðalsteinsson sem líklega sé einna þekktastur þeirra. „Það leynast bátasmiðir hér og þar, sá eini sem hefur útskrifast í þeirri grein frá Iónskólanum á síðustu áratugum er Jón Ragnar Daðason, það reyndist erfitt að fá prófdom-

Smíðin eitt af því sem einkennir vikingaskip

Skrokkur súðbyrðings einkennist af láréttum timburborðum sem skarast hvert yfir annað. Af þessari smíði eru dregin orðin skarsúð og súðbyrðingur. Aðferðin var notuð við skipasmíðar frá því fyrir 9. öld og er eitt af því sem einkennir til dæmis vikingaskip. Sama stallag á hliðum er líka stundum haft á plastbátum enda gefur það bátum aukinn stöðugleika.

Um 200 aðilar á Norðurlöndunum öllum, bátasmiðir, söfn og félög standa saman að tilnefningu norrænnar trébátasmiði á skrá UNESCO. Umsóknin var afhent í liðinni viku í París, undirrituð af ráðherrum allra norrænu ríkjanna. Með henni er sú smíði komin á lista yfir þýðingarmikla starfshætti sem borist hafa frá kynslóð til kynslóðar – hefðir sem munu hverfa verði þeim ekki viðhaldið.

ara fyrir hann. Á hinum Norðurlöndunum kenna lýðháskólar og iðnskólar bátasmiði og háskólinn í Tromsø er að reyna að koma sögunni og þekkingunni í kringum fagið á háskólastig.“

Sigurbjörg er formaður Vitafélagsins – íslenskrar strandmenningar og líka norrænu strandmenningarsamtakanna. Hún er fædd og uppalin í Svarfaðardal og er því spurð hvaðan henni komi áhuginn á ströndum, bátum og vitum. „Ég sá aldrei til hafs í uppvextinum, ætli það sé ekki ástæðan?“ svarar hún hlæjandi.

„Þjó líka fjórtán ár í frumskógum Finnlands sem jók líklega enn á þörfina fyrir viðáttu. Þá kom ég stundum með ferðahópa til Íslands. Landsmenn voru að uppgötva hálendið á þeim tíma og ef ég ráðfærði mig við þá reyndu allir að stugga mér til fjalla eins og sauðkind á vori. En ferðafólkið mitt vildi frekar fræðast um hvar og hvernig við höfðum

búið og það vakti áhuga minn á okkar sögu og lífnadarháttum. Við vorum ekki öll Fjalla-Eyvindar.“

Heimkomin frá Finnlandi kveðst Sigurbjörg hafa verið að vinna að Evrópuverkefni um ferðapjónustu í dreifbýli, meðal annars með formanni norska vitafélagsins. Þá hafi hún verið beðin að benda á einhvern á Íslandi sem hefði áhuga á að sitja fyrstu norrænu strandmenningarráðstefnuna 2003. „Ég fékk litlar undirtektir svo ég ákvað að stofna vitafélag sjálf og það Norðmenn um góð ráð. Þeir bentu mér á að vera í góðu samstarfi við Fornleifanefnd, Húsafriðunarnefnd, Siglingastofnun og söfn og þau heilræði komu sér vel. Orðið strandmenning var ekki til í íslenski orðabók á þessum tíma og allir tengdu það við suðrænar slóðir. Í dag spyr enginn hvað það þýði. Enda er strandmenning grunnur að okkar norrænu menningu.“
gun@frettabladid.is



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Magnús Stefánsson

rafvirkjameistari, Ólafsfirði,

lést laugardaginn 28. mars sl.

Í ljósi aðstæðna mun útför hans fara fram í kyrrþey. Minningarathöfn verður haldin síðar og verður hún auglýst þegar þar að kemur. Þökkum hlýhug og góðar kveðjur.

Helga Eðvaldsdóttir

Eðvald Erling Magnússon

Gunnlaugur Jón Magnússon

Ásdís Jóna Magnúsdóttir

María Magnússon

Ásta Sigurðardóttir

Örnólfur Ásmundsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Jóhanna Unnur

Gissurardóttir Erlingsson

Álalæk 17, Selfossi,

áður Karfavogi 56, Reykjavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands aðfaranótt sunnudagsins 29. mars sl.

Sigurður Rúnar Jónsson

Margrét Rannveig Jónsdóttir

Birgir Mór Ragnarsson

Hildur Jónsdóttir

Guðrún Ólög Jónsdóttir

Sigrún Hjartardóttir

Jón Hörður Jónsson

Jóhanna Kristín Jónsdóttir

barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

Ásgerður Ólafsdóttir

Silja Hrund Júlíusdóttir

Hjörtur Ottó Aðalsteinsson

Björn Geir Leifsson

Sigríður Anna E. Nikulásdóttir



Kær eiginmaður minn, faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir og afi,

Arnfinnur Bertelsson

byggingarverkfræðingur,

Sæbraut 12,

Seltjarnarnesi,

lést á heimili sínu síðastliðinn fimmtudag. Í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu fer útförin fram í kyrrþey.

Valdís Kjartansdóttir

Arndís Vala Arnfnnsdóttir

Kjartan Arnfnnsdóttir

Bertel Ingi Arnfnnsdóttir

Sigrún Þormar

Sigríður M. Sigurðardóttir

Gunnar Rögnvaldsson

Kristín Diljá Karlsdóttir

Ísabella Eldey Kjartansdóttir



Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Sólborg Júlíusdóttir

lést 28. mars á Dvalarheimili aldraðra, Sauðárkróki. Útförin fer fram í kyrrþey í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu.

Hrönn Gunnarsdóttir

Kolbrún Birgisdóttir

Valdimar Lindal Birgisson

Þórunn Elfa Sveinsdóttir

Rakel Rögnvaldsdóttir

Brynjar Páll Rögnvaldsson

langömmubörn og langalangömmubörn.

Rögnvaldur Valbergsson

Sigurður Halldór Aðalsteinsson

Halldóra María Þormóðsdóttir

Gunnar Carlsen

Indriði Ragnar Grétarsson



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Jóninna Margrét Pétursdóttir

Hveragerði,

lést á Landspítalanum
mánudaginn 23. mars síðastliðinn.

Reynir Már Guðmundsson

Pétur Reynisson

Jón Vilberg Reynisson

Pröstur Reynisson

barnabörn, barnabarnabörn og Bella.

Áslaug Einarsdóttir

Guðný Ísaksdóttir



Innilegar þakkir fyrir samúð, hlýhug og fallegar kveðjur vegna andláts og útfarar elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Hrefnu Einarsdóttir

Hjalti Ævarsson

Trausti Þór Ævarsson

Svanþór Ævarsson


Auður Ævarsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Ástriður Torfadóttir

Ásgerður Hákonardóttir

Sigurður Ingi Viðarsson



Cheerios
síðan
1988

Hrefna Sætran, matreiðslumeistari

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Þriðjudagur

Reykjavík 6 9 °C °C	Ísafjörður 1 10 °C °C	Akureyri 6 13 °C °C
Egilsstaðir 6 5 °C °C	Kirkjubæjarkl. 6 6 °C °C	Hveravellir 2 12 °C °C

Suðvestan strekkingur og rigning í dag, en úrkomulítið austanlands. Minnkandi úrkoma og kólnar í kvöld.

Miðvikudagur

Reykjavík 1 17 °C °C	Ísafjörður -4 6 °C °C	Akureyri -1 12 °C °C
Egilsstaðir 3 5 °C °C	Kirkjubæjarkl. 1 16 °C °C	Hveravellir -7 18 °C °C

Fimmtudagur

Reykjavík -2 6 °C °C	Ísafjörður -6 4 °C °C	Akureyri -7 4 °C °C
Egilsstaðir -6 6 °C °C	Kirkjubæjarkl. -2 6 °C °C	Hveravellir -9 10 °C °C

LÉTT

5	7	9	8			2	6
6	9	5				4	
8	2	7	6		5		
				9		3	8
2	6			1		7	4
3	4			6			
	8			5	7	6	
5		2		3	1		

MIDLUNGS

5	2		9	4			
3			2	6	8		4
		9					5
8	9	3		6			
	4			5			
			4	2			6
					1		6
1	5	3					
3			8	9	5	7	

PUNG

				7	8			2	
1								6	
			1					7	
7			4	6				9	3
8									
	6			9					2
	1	8	3						
4		6						5	
		3						1	

Krossgáta

LÁRÉTT

1. gimsteinn
5. stæla
6. nóta
8. aðalsmaður
10. tveir eins
11. breið
12. hvellur
13. skaði
15. sköpun
17. garðperla

LÓDRÉTT

1. tímafrest
2. stórvirki
3. samstæða
4. efni
7. dyggð
9. kk. nafn
12. skaddast
14. tré
16. íröð

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15					16
	17				

LÁRÉTT: 1. tópas, 5. apa, 6. as, 8. fursti, 10. ss, 11. síðgæði, 9. svannur, 12. bíla, 14. elk, 16. rs.
LÓDRÉTT: 1. fátasmt, 2. ópus, 3. par, 4. sátn, 7. víð, 12. bang, 13. með, 15. tilurð, 17. karsti.

Skák Gunnar Björnsson

Skurjev átti leik gegn Metskarov í Sofíu árið 1949.

1. Bd5+ Kh8 (1...cxd5 2. Dxd5+ Kh8 3. Rf7+ Hxf7 4. Dxf7). 2. Dc3! 1-0. Sóknin á netinu hélt áfram í gærkvöldi þegar KR-hraðskámót fór fram. Í kvöld fer fram þriðjudagsmót TR á netinu.

www.skak.is: Ný alþjóðleg skákstig.



Hvítur á leik

6	1	4	8	2	9	5	7	3
8	2	5	7	3	6	9	4	1
3	7	9	4	1	5	2	6	8
1	4	7	5	6	8	3	2	9
9	8	6	2	7	3	4	1	5
5	3	2	1	9	4	6	8	7
4	5	1	9	8	2	7	3	6
7	9	3	6	4	1	8	5	2
2	6	8	3	5	7	1	9	4

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Geljan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



VERUM RÓLEG OG ÞVOUM HENDUR

Verk sem setja sig saman sjálf

Myndlistarmaðurinn Odee sýnir á annan tug verka í Galleríi Fold. Þar koma landvættir nokkuð við sögu. Opnunardaginn var hann með beint streymi á Facebook.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Circulum og Landvættir er yfirskrift myndlistarsýningar í Galleríi Fold en þar sýnir myndlistarmaðurinn Odee, Oddur Eysteinn Friðriksson, á annan tug verka. Hann sameinar þarna tvær seríur; Circulum og Landvætti. Verkin eru öll hringlaga, gerð úr samsettum klippimyndum frá menningu sem hefur haft mótandi áhrif á listamanninn. Verkin eru brædd í álplötur og síðan er húðað yfir með gloss filmu.

Um hið hringlaga form segir Odee: „Það að búa til list í hringlaga formi kallar á öðruvísi mynduppbyggingu en í því ferhyrnda og gefur manni fleiri tækifæri til að prófa nýja hluti og búa til eitthvað einstakt.“

Raunverulegar verur

Spurður af hverju hann hafi valið landvætti sem myndefni segir hann: „Landvættir eru ekki bara þessir fjórir sem eru í skjaldarmerkinu heldur hafa þeir verið á ýmsum stöðum í gegnum aldirnar. Þetta eru yfirnáttúrulegar verur sem geta annaðhvort verndað einstaklinga eða hegt þeim ef þeir gera eitthvað af sér inni á þeirra landsvæði.“

Þegar ég var að vinna verkin og horfði á skuggamyndirnar af fólkinu sem ég bý til, þá fannst mér eins og ég sæi persónuleikana brjótast út. Mér fannst þetta vera raunverulegar verur. Það gaf mér orku. Það má segja að verkin setji sig saman sjálf. Ég byrja en þau taka við og leiða mig áfram.“

Lokað á opnunardag

Engin formleg opnun var á sýningunni vegna samkomubanns. Opnunardaginn var Odee með beint streymi á Facebook, sem um 1.500 manns fylgdust með, þar sem hann fjallaði um sýninguna. Hann spjallaði við áhorfendur um verk sín í nærri klukkustund og svaraði spurningum þeirra sem settar voru fram í athugasemdum. „Þrátt fyrir að hafa verið í tónum sal þá var þetta fjölsóttasta sýningaropnun mín til þessa þótt galleríið hafi verið lokað. Hverjum hefði dottið það í hug,“ segir Odee. Nokkur verk eru þegar seld.

Það eru um sex ár síðan Odee



Litagleðin er við völd í verkum Odee. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

ÞAÐ MÁ SEGJA AÐ VERKIN SETJI SIG SAMAN SJÁLF. ÉG BYRJA EN ÞAU TAKA VIÐ OG LEIÐA MIG ÁFRAM.

sneri sér að myndlist, en áður stundaði hann nám í viðskiptafræði, með áherslu á markaðsfræði og stjórnum. „Einn daginn var ég að horfa á vegginn heima hjá mér og fannst eitthvað vanta á hann. Ég fór að hugsa hvort ég gæti ekki gert eitthvað sjálfur. Svo vatt þetta upp á sig.“

Ég bý yfir nokkrum hæfileikum sem sameinast í Odee. Ég hef skilning á markaðssetningu og á auðvelt með spuna og sköpun og svo er líka í mér viss grallaraskapur.“

Sýningin í Galleríi Fold stendur til 18. apríl en hún er einnig aðgengileg á vefsíðu gallerisins; gallerifold.is.



Johann Sebastian Bach.



Wolfgang Amadeus Mozart.

Klassískir meistarar

Það er afar róandi að hlusta á klassíska tónlist á tímum þar sem of margir eru kvíðnir. Heimurinn hefur átt stórkostlega meistara á sviði klassískrar tónlistar og erfitt er að gera upp á milli þeirra. Það má samt reyna og tónlistartímarit BBC fékk seint á síðasta ári 174 tónskáld víða að úr heiminum til að velja mestu tónskáld allra tíma. Anna Þorvaldsdóttir tónskáld var meðal þeirra sem tóku þátt í könnuninni. Hér eru niðurstöðurnar. Fréttablaðið hefur síðan bætt við listann einu meistaraverki af mörgum eftir viðkomandi tónskáld.

- Johann Sebastian Bach**
Brandenburgar-konsertarnir
- Igor Stravinskij**
Vorblót
- Ludwig van Beethoven**
Tunglskinnsónatan
- Wolfgang Amadeus Mozart**
Klarinettukonsert í A-dúr
- Claude Debussy**
Clair de lune
- György Ligeti**
Requiem
- Gustav Mahler**
Sinfónía nr. 5
- Richard Wagner**
Hollendingurinn fljúgandi
- Maurice Ravel**
Dafnis og Klói
- Claudio Monteverdi**
Krýning Poppeu

REYKJAVÍK SÍÐDEGIS

Þorgeir, Kristófer, Þórdís og Bragi fara yfir málefni líðandi stundar.

ALLA VIRKA DAGA MILLI 16:00 OG 18:30.



BYLGJAN
989



Þriðjudagur

UMRÆÐUÞÁTTUR UM
COVID-19

Í kvöld kl 19.35

Upplýsandi og fræðandi þáttur þar sem sjónum er beint að stöðu heimilanna og þeim félagslegu og fjárhagslegu áskorunum sem margir standa nú frammi fyrir.

Umsjón: Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir og Sigmar Guðmundsson.

Tekið er á móti fyrirspurnum í þáttinn á rúv.is og netfangið covid19@rúv.is.

Þátturinn er með táknmálstúlkun á RÚV 2 og 888-texta á RÚV.

HRINGBRAUT

20.00 Tilveran Þáttur um sálsgæslu og mannrækt í samfélagi nútímans.

20.30 Lífið er lag Þáttur um mál-efni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri árunna. Umsjón. Sigurður K. Kolbeinsson.

21.00 21 - Fréttabáttur á þriðjudegi 21 er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringabáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernís með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.

21.30 Eldhugar. Séría 3 Í Eldhugum fara Snædís Snorradóttir og viðmælendur hennar út á þaðar hreysti, hreyfingar og áskorana lífsins.

RÚV SJÓNVARP

06.50 Morgunþáttur Rásar 1 og 2
11.00 Skólahreysti Úrslitabáttur
12.50 Ferðastíklar
13.45 Kastljós
14.00 Blaðamannafundur vegna COVID-19

14.40 Menningin
14.45 Gettu betur 1998 FSu - BH
15.45 Poppkorn 1986
16.15 Basl er búskapur
16.45 Íslendingar Ásgerður Búa-dóttir

17.35 Gamalt verður nýtt
17.50 Táknmálfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Ofurmennaáskorunin
18.29 Hönnunarstirnir
18.44 Hjörðin - Hvolpur
18.47 Verkstæðið Búum til hengirúm Hildur og Alexander finna risastórt net í geymslunni hennar ömmu. Þau ákveða að búa til hengirúm! Umsjón: Hildur Eva og Alexander Októ. Hugmyndir og útfærsla: Steinn Einar Jónsson. Dagskrárgerð: Eva Rún Þorgeirsdóttir.

18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Umræðuþáttur um COVID-19 Sjónum verður beint að stöðu heimilanna og þeim félagslegu og fjárhagslegu áskorunum sem margir standa frammi fyrir.

19.35 Tracey Ullman tekur stöðuna
21.00 Söngfluglar með heilabilun - Fyrri hluti Our Dementia Choir Heimildarmynd í tveimur hlutum frá BBC þar sem leikkonan Vicky McClure úr þáttunum Skylduverkum ákveður að stofna kór með fólki með heilabilun af einhverju tagi, en rannsóknir hafa sýnt fram á að tónlist getur haft jákvæð áhrif á líðan fólks með heilabilun.

22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Hamfarasól Hard Sun
23.15 Pólskir dagar - Kennarinn Belfer
00.10 Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

08:00 Royal Trophy 2013
10:55 Royal Trophy 2013
13:50 Royal Trophy 2013
16:40 Einvigið á Nesinu 2006
17:25 Einvigið á Nesinu 2007
18:10 Einvigið á Nesinu 2008
19:05 Einvigið á Nesinu 2009
19:55 The Science of Golf
20:15 The Science of Golf
20:40 The Science of Golf
21:00 The Science of Golf
21:25 The Science of Golf
21:45 Ryder Cup 2008

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

07.00 Ísland vaknar Útsending frá morgunþætti K100.
10.00 Dr. Phil
10.45 Everybody Loves Raymond
11.10 The King of Queens
11.30 How I Met Your Mother
11.55 Dr. Phil
12.40 Will and Grace
13.05 Survivor
14.05 Dr. Phil
14.50 Ný sýn
15.20 Ást
16.00 Malcolm in the Middle
16.20 Everybody Loves Raymond
16.45 The King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Biggest Loser
19.10 Love Island
20.10 Mannlíf
20.45 FBI
21.35 FBI. Most Wanted
22.20 Cloak and Dagger
23.05 The Fix
23.50 Seal Team
00.35 Chicago Med
01.20 Station 19
02.05 Imposters
02.50 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunþáttur Rásar 1 og 2
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Lofthelgin
15.00 Fréttir
15.03 Frjálsar hendur
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Viðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Hljómboxið
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.35 Kvöldsgagan. Konan við 1000 gráður (15 af 41)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Passíusálmur (42 af 50)
22.15 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

11.20 The Kid Who Would Be King
13.15 Swan Princess. Royally Undercover
14.30 Now Add Honey
16.05 The Kid Who Would Be King
18.05 Swan Princess. Royally Undercover
19.20 Now Add Honey
21.00 We're The Millers
22.45 The Hitman's Bodyguard
00.40 Widows
02.45 We're The Millers

STÖÐ 2

06.50 Bitið
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 Gilmore Girls
10.00 God Friended Me
10.45 First Dates
11.30 NCIS
12.35 Nágrannar
12.55 X-Factor Celebrity
14.20 X-Factor Celebrity
15.40 Ísskápastríð
16.10 Truth About Carbs
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.25 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakinn
18.55 Ísland í dag
19.05 The Goldbergs
19.30 Modern Family
20.00 All Rise
20.45 Better Call Saul
21.35 Outlander
22.35 Grey's Anatomy
23.25 High Maintenance
23.50 The Enemy Within
00.35 The Enemy Within
01.15 The Enemy Within
01.55 I Love You, Now Die
02.55 I Love You, Now Die

STÖÐ 3

15.00 Friends
17.25 Friends
17.45 The Goldbergs
18.05 The Middle
18.30 The Middle
18.50 The Middle
19.10 Friends
19.50 Friends
20.30 It's Always Sunny In Philadelphia
20.50 Flash
21.40 The Americans
22.25 The Americans
23.15 DC's Legends of Tomorrow
23.55 Friends
00.35 Friends

STÖÐ 2 SPORT

07.45 KR - ÍBV 1999
08.10 Breiðablik - ÍA 2001
08.30 ÍBV - Keflavík 1997
08.55 Fylkir - Þróttur 2003
09.20 ÍBV - ÍA 2001
09.45 FH - Fram 2003
10.05 FH - ÍA - 2004
10.25 Fylkir - ÍBV 2000
10.50 Breiðablik - Grindavík 2008
11.15 HK - Fjölnir 2008
11.35 KR - Valur 2009
11.55 Fylkir - ÍA 2006
12.15 FH - Keflavík 2008
12.45 KR - Fram 1997
13.10 Breiðablik - FH 2009
13.35 Valur - KR 2009
13.55 Seinni bylgjan
15.00 Sportið í dag
16.00 Meistaradeild Evrópu - fréttabáttur
16.25 Valur - KR 2001
16.45 ÍA - Keflavík 2007
17.10 KR - Fylkir 2009
17.40 ÍA - KR 2003
18.05 Breiðablik - Keflavík 2001
18.30 Keflavík - KR 2008
18.55 Víkingur - Valur 2007
19.20 UCL Extra 1
20.00 Sportið í kvöld
21.00 Sportið í dag
22.00 FH - KR 2007
22.20 FH - KR 2009
22.45 FH - Víkingur R.
00.35 Selfoss - KR

STÖÐ 2 SPORT 3

19.55 Borgunarbíkar kvenna 2013. Breiðablik - Þór/KA
22.05 Borgunarbíkar kvenna 2015. Stjarnan - Selfoss
23.50 Borgunarbíkar kvenna 2016. Breiðablik - ÍBV



HEIMILI GLUGGATJALDA Á ÍSLANDI

EINSTAKLEGA FALLEG OG VÖNDUÐ GLUGGATJÖLD
SEM GERA HVERT HEIMILI ENN FALLEGRA.

MYRKVUN, SCREEN, STRIMLAR, RIMLAR, VOAL, STÓRIS OFL OFL..

KOMDU TIL OKKAR, SKOÐAÐU ÚRVALIÐ OG FÁÐU RÁÐGJÖF.


Vogue
FYRIR HEIMILIÐ



Brúðarkjölaverslun í Berlín hefur reynt að aðlagast aðstæðum og sýnir í glugga hlífðargrímu úr brúðarblöndu.



Burberry-verslunin í Moskvu hefur lokað dyrum sínum, líkt og margar aðrar í borginni. MYNDIR/GETTY



Fatahönnuðurinn Pia Fischer vinnur myrkranna á milli við að sauma hlífðargrímur í Berlín.




Zara hefur gripið til þess ráðs að loka verslunum víðs vegar um heiminn.

Breytt landslag í tískuheiminum

COVID-19 hefur haft sín áhrif á tískuheiminn. Nú eru hlífðargrímur vinsælasti fylgihluturinn og fatahönnuðir reyna að aðlagast breyttum markaði. Stóru tískuhúsin hafa lokað verslunum sínum um allan heim.

Nú þarf heimsbyggðin öll að laga sig að breyttum tímum. Þar á meðal eru tískuhúsin og fatahönnuðir, en loka hefur þurft mörgum verslunum tímabundið í ljósi þeirra áhrifa sem

kóranaveirufaraldurinn hefur haft. Margir fatahönnuðir hafa snúið sér að því að framleiða hlífðargrímur og vinna myrkranna á milli. Spænska fataverslunin Zara hefur lokað útibúum sínum víðs vegar um heiminn, eða alls rúmlega 3.800 verslunum. steingerdur@frettabladid.is



Tískuhverfið í Milanó er allt lokað enda hefur faraldurinn haft mikil áhrif á Ítalíu.



Kona við stærstu verslunarmiðstöð Japans sem er lokað og mannlaus.



Starfsmenn Mirogoli-tískuhússins vinna nú hörðum höndum að því að sauma hlífðargrímur.



ÞAÐ ER
EINFALT AÐ STOFNA
BRÚÐARGJAFALISTA
Á KUNIGUND.IS

Vandaðar brúðargjafir

15% kaupauki til brúðhjóna sem stofna brúðargjafalista


ROSENDAHL
COPENHAGEN


GEORG JENSEN
ESTABLISHED 1904


ROYAL COPENHAGEN
PARTNER TO THE ROYAL DANISH CROWN


KAY
BOJESEN
DENMARK


iittala


Villeroy & Boch
1748

KÚNÍGÚND

sérverslun með vandaðar gjafavörur

Kringlan · Glerártorg · kunigund.is

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Auglýsingaefnið lendir á
eldhúsbörðinu þegar blaðið er
opnað!

93.000

Íslendingar lesa Fréttablaðið
daglega að meðaltali.*

Kannaðu dreifileiðir og verð í
síma 550 5050
eða sendu tölvupóst á
orn@frettabladid.is.

Útvegum einnig hagstæð
verð í prentun.



Karl Olgeirsson, Raggi Bjarna, Ásgeir J. Ásgeirsson og Ólafur Hólm áttu margar gleðistundirnar saman eins og auð-
heyrnt var á Happy Hour með Ragga Bjarna sem þeir gáfu út 2017 og fylgdu eftir með tónleikum. MYND/SVEINN SPEIGHT

Tímabær endurómur frá Ragga Bjarna

Karl Orgeltríó gefur í dag út nýja og endurhljóðblandaða útgáfu af laginu Allt í fina enda telur **Karl Olgeirsson** ekkert veita af að fólk heyri róandi rödd Ragga heitins segja að þetta verði allt í lagi.

Karl Olgeirsson og orgeltríó hans gefa í dag út rafræna smáskífu með endurhljóðblöndun á laginu Allt í fina sem Raggi Bjarna og Ragga Gröndal sungu fyrir nokkrum misserum.

„Árið 2017 gáfum við út plötuna „Happy Hour með Ragga Bjarna“ og árið eftir höldum við stórtónleika í Háskólabíói og það var eiginlega fyrir tilviljun að ég rakst á upptöku af þessum tónleikum okkar þegar ég var eitthvað að taka til í Dropboxinu mínu,“ segir Karl í samtali við Fréttablaðið.

„Tónleikarnir voru teknir upp fyrir Sjónvarp Símans og sýndir fyrir réttum tveimur árum og þar sungu þau Ragga Gröndal og Raggi lagið Allt í fina. Og þegar þessi dúett með Rögg og Ragga kom upp, þá smell bara eitthvað og mér fannst þetta eiga svo vel við núna,“ segir Karl.

Hljólegur boðskapur

„Bæði af því að Raggi er nýfarinn og síðan er það bara boðskapurinn. Það er eitthvað svo hlýlegt að heyra hann segja að það verði allt í lagi,“ segir Karl um söng Ragga sem hann telur rétt að endurnýja nú þegar taugar fólks eru víða þandar til hins ýtrasta.

„Ég heyrði í strákunum í tríóinu með hvort það væri ekki bara sniðugt að mixa þetta almennilega og senda þetta frá okkur,“ segir Karl um félagi sína Ásgeir J. Ásgeirsson gítarleikara og trommarann Ólaf Hólm sem að vonum voru til í tuskid.

„Ég mixaði það bara upp á nýtt eins og þetta væri bara nýtt lag og það er að detta inn á þessar streymisveitur, Spotify, YouTube og félagi, og svo fer það bara í útvarpið og fær vonandi einhverja spilun.“



Karl segir Ragnheiði Gröndal vera náttúruafl þannig að það eru engi smá kraftar sem Orgeltríóið leysti úr læðingi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ÞAD ER EITTHVAÐ SVO HLÝLEGT AÐ HEYRA HANN SEGJA AÐ ÞAD VERÐI ALLT Í LAGI.

„Er ekki allt í fina?“

„Ég hef verið píanóleikari Milljónamæringanna síðan árið 2000 og oftast en ekki söng Raggi með okkur. Hann kom gjarnan þegar ballið var hálfnað, tók nokkur lög og lét sig svo hverfa,“ segir Karl þegar hann rifjar upp það ævintýri sem var að spila með sínum góða fallna félagi.

„Hann átti það til að gleyma ráðningum og við urðum að hringja í hann samdægurs svo hann myndi örugglega mæta,“ heldur Karl áfram og segir að stundum hafi það gerst að Raggi var ekki mættur þegar hljómsveitin steig á svið. „Maður

varð stressaður en svo mætti hann iðulega með bros á vör og sagði: „Er ekki allt í fina?“ og sá frasi varð mér innblástur að laginu.“

Æðisleg minning

Karl segir Ragga einnig oft hafa spurt hvort það væri „ekki allt í góðu?“ og þessi spurning hafi oftast en ekki verið það fyrsta sem hann sagði þegar hann steig á svið. „Þá var það „er ekki allt í góðu?“ eða „er ekki allt í fina?“. Þetta er eitthvað svona sem amma mín hefði sagt og er bara svo næs,“ segir Karl og rifjar upp að í fyrradag hafi verið liðin slétt tvö ár frá því tónleikarnir voru sýndir í Sjónvarpi Símans.

„Tónleikarnir voru útgáfutónleikar plötunnar sem við gerðum með Ragga og voru haldnir í janúar 2018. Þeir áttu fyrst að vera í byrjun október 2017 en við urðum að fresta þeim vegna þess að Raggi veiktist og fékk slæma lungnabólgu. Þannig að við vorum vöðalega gláðir að geta haldið þessa tónleika þarna nokkrum mánuðum síðar,“ segir Karl.

„Maður fann það alveg, því ég hafði unnið með Ragga svo lengi, að það var farið að draga af honum en þetta var svo gaman. Hann hafði svo gaman af þessu og setti svo mikinn metnað í þetta þannig að þetta er bara æðisleg minning.“

Náttúruaflíð Ragga

Raggi Bjarna var goðsögn í lifanda lífi og Karl dregur ekkert úr því að þegar Ragnheiður Gröndal hafi slegist með í för hafi undur átt sér stað á sviðinu. „Ragga er ein af þessum fáu sem eru bara eins og náttúruafl. Hún bara breytir öllu í kringum sig. Þannig að það var alveg geggið að hafa hana með,“ segir Karl og bætir við að hún bæti einhverju alveg sérstöku við lagið þegar hún syngur það.

toti@frettabladid.is





HÚSASMIDJAN

**Opnum
virka daga**

kl. 8:00

Fagmannaverslun Húsasmiðjunnar

**Fyrir fagmenn
og fólk í framkvæmdum**

Úrval af gluggum, hurðum, verkfærum,
festingum, pípulögnum og málningu.
Ekki gleyma nýjustu timbursölu landsins



Fagmannaverslun og timbursala, opið virka daga kl. 8-17 og laugardaga kl. 10-14
Virðum fjöldatakmarkanir og leiðbeiningar Almannaþingarinnar



Allt á einu svæði

Kíktu í Vogana þar sem þú finnur allt til að auðvelda framkvæmdirnar eða til að gera heimilið fallegra. Í Kjarlövögi er glæsileg Fagmannaverslun ásamt nýjustu timbursölu landsins. Í Skútuövögi er Húsasmiðjan og Blómavali. Við tökum vel á móti þér.

BAKÞANKAR

Hauks Arnar
Birgissonar



Fyrirgefðu, Víðir

Það er ómurlæg tilfinning þegar maður veit að maður hefur valdið öðrum vonbrigðum. Hún er enn sterkari þegar maður veit upp á sig sökina. Ég man vel mína fyrstu svoliðis tilfinningu. Ég var 10 ára og í þóssun hjá ömmu og afa á Bugðulæk. Ég fékk að taka hvolpinn minn Mikka með. Um nóttina át hann lesgeraugu afa. Ég var eyðilagður og þorði varla að segja gamla manningnum frá því. Amma mín og afa skiptu aldrei skapi og af þeim sökum var enn sárara að bregðast þeim. Ég hefði átt að passa hundinn betur.

Nú, þrjátíu árum seinna, fann ég fyrir svipaðri tilfinningu þegar Víðir Reynisson sagði frá því á fundi almannavarna að íþróttafélög væru enn að boða iðkendur á æfingar. Íþróttahreyfingin stendur mér afar nærri og því tók ég það til mín þegar rólyndismaðurinn Víðir Reynisson lýsti vonbrigðum sínum með íþróttahreyfinguna. Þótt síðar hafi komið í ljós að vonbrigði Víðis hafi ekki fyllilega verið á rökum reist, voru þau engu að síður holl áminning. Það er mikilvægt að íþróttafélög hugi vel að sínu starfi og virði leikreglurnar.

Þótt okkur kunnist að finnast reglurnar ósanngjarnar eða jafnvel óþarfar, þá eru þetta engu að síður þær reglur sem settar hafa verið, af fólki sem við treystum til verksins. Við deilum ekki við dómara. Sýnum aðstæðum virðingu og tókum þeim af alvöru. Leggjumst öll á árarar, leggjum skammtíma hagsmuni til hliðar og fjárfestum í sumrinu. Verum stolt þegar við getum loksins horft til baka. Því fyrr sem hefðbundið líf, með óheftum leik, getur hafist á ný, því betra. Koma svo – við getum þetta!

FYRIR SVANGA
FERÐALANGA

Kvikk
ON THE GO

PANTAÐU Á SKUBB.IS
FYRIR KL. 21 OG
VIÐ KEYRUM ÍSINN
TIL ÞÍN SAMI KVÖLD

ISGERÐ
SKUBB
REYKJAVÍK

LAUGARÁSVEGI 1

★ GERÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ ★

20-50%
AFSLÁTTUR

OPNUM NÝTT OUTLET

Gerðu frábær kaup

20-50%
AFSLÁTTUR



Afsláttur af skiptidýnum, eldri gerðum, sófum, hvíldarstólum, mjúkvöru og fl.

★ HEIMA
ER BEST ★



SOFÐU VEL HEILSUNNAR VEGNA



BODYPRINT Reverie
Sleep well tonight. Live better tomorrow.

Ein allra besta heilsudýna í heimi

KYNNTU ÞÉR VÖRUÚRVALIÐ OG VERSLAÐU Í RÓLEGHEITUM Á SVEFNOGHEILSA.IS

- fáðu vörurnar svo sendar heim, hvert á land sem er



VEFVERSLUN

svefnogheilsa.is

FRÍR
FLUTNINGUR
UM ALLT LAND
*NEMA ÚTSÖLUVÖRUR

FERMINGARTILBOÐ Í FULLUM GANGI

VALHÖLL

5 SVÆÐASKIPT HEILSUDÝNA
Góð millistif heilsudýna á frábæru verði.
Pokagormakerfi, gæðabólstrun.

VERÐ MEÐ BOTNI OG FÓTUM:

90x200 cm
Verð áður kr.-77.900 **NÚ AÐEINS KR. 57.900**
120x200 cm
Verð áður kr.-89.900 **NÚ AÐEINS KR. 69.900**

★ ATH. FLEIRI STÆRÐIR Í BOÐI



SAGA/FREYJA

HÁGÆÐA 7 SVÆÐASKIPTAR HEILSUDÝNUR
Pokagormakerfi, þrýstijöfnun í yfirdýnu,
sterkir hliðarkantar, gæðabólstrun.

VERÐ MEÐ BOTNI OG FÓTUM:

90x200 cm
Verð áður kr.-99.900 **NÚ AÐEINS KR. 79.900**
120x200 cm
Verð áður kr.-119.900 **NÚ AÐEINS KR. 99.900**

★ ATH. FLEIRI STÆRÐIR Í BOÐI



Svefn & heilsa



BALDURSNES 6 - AKUREYRI



LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233
BALDURSNESI 6, AKUREYRI s. 461 1150

OPÍÐ virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16

UMBODSADILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði
og Bara snilld, Egilsstaðir



UM FJÓRÐUNGUR LANDS-
MANNA SEFUR Á DÝNU
FRÁ SVEFN & HEILSU*
*Samkvæmt könnun frá Gallup.